

TravAble



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Úttekt á aðgengi
Árborg
Sumar / haust 2021

Contents

Úttektir Árborg.....	3
Sundhöll Selfoss.....	3
Íþróttasvæði við Engjaveg.....	4
Íþróttahúsið Baula.....	5
Íþróttahúsið Vallaskóla.....	5
Íþróttahúsið Stokkseyri.....	6
Samkomuhúsið Staður.....	7
Júðósalur Sandvík.....	8
Tónlistarskóli.....	9
Bókasafn Árborgar, Selfoss.....	10
Bókasafn Eyrarbakka.....	11
Bókasafn Stokkseyri.....	12
Ráðhús Árborgar.....	13
A67 Þjónustumiðstöð.....	14
Heimili fatlaðra - Vallholt.....	15
Dagdvölin Árblik.....	16
Dagdvölin Vinaminni.....	17
Viss Endurhæfing.....	18
A2 Þjónustumiðstöð.....	19
Auðlindin atvinnu og virkniúrræði.....	20
Strókur heimili fyrir fatlaða.....	20
Grænamörk íbúðir fyrir aldraða.....	21
Leikhús.....	23
Fjölheimar.....	24
Gimli Stokkseyri vinnustofa.....	25
Frístund Bifröst – Vallaskóla (Stekkjaskóli).....	25
Frístund Kotið – Glaðheimar.....	26
Félagsmiðstöð Pakkhúsið, Kópurinn, Selurinn, Félagsmiðstöð Ungmennahús.....	26
Grunnskólinn Vallaskóli.....	27
Grunnskólinn Sunnulækjaskóli & Frístund Hólar.....	28
Grunnskólinn BES, Eyrarbakki og Stokkseyri. Frístund Stjörnusteinn.....	30
Leikskólinn Goðheimar.....	32
Leikskólinn Jötunheimar.....	33
Leikskólinn Hulduheimar.....	34
Leikskólinn Árbær.....	35
Leikskólinn Brimver/Æskukot.....	35
Leikskólinn Álfheimar.....	37
Samantekt.....	39
Heimildir.....	42

Úttektir Árborg

Við úttektina var notaður úttektarlykill á aðgengi frá Sjálfsbjörg Landsambandi Hreyfihamlaðra. Aðgengisupplýsingar eru einnig skráðar í smáforritið TravAble (TravAble smáforritið er hægt að sækja á Google Play fyrir Android og App Store fyrir iPhone).

Sundhöll Selfoss

Aðkoma og bílastæði:

Aðkoma að byggingu er skýrt afmörkuð, greinileg og greiðfær og aðkoma að inngöngudyrum er hindrunarlaus. Snjóbræðslukerfi í gangstétt og að inngangi. Bílastæði fyrir hreyfihamlaða eru þrjú samtals, tvö fyrir framan og eitt fyrir aftan við inngang við útiklefa. Stæði eiga að vera 3,8 m x 5 m og eitt stæði amk 4,5 m x 5 m sérstaklega þar sem sundlaugin er fjölfarinn og vinsæll staður. Það eru hins vegar einungis tvö stæði 3,6 m x 6 m og eitt stærra fyrir aftan hús er 4,5 m x 5 m en mætti vera fyrir framan einnig. Ekki skyggni eða skjól við aðalinngang.

Anddyri og inngangur

Rafstýrður opnunarbúnaður á hurð við inngang, 107-115 cm breiður inngangur og gott pláss í inngangi en enginn stóll. Hinsvegar eru stólar og borð fyrir innan til hægri.

Hlið fyrir hjólastóla til að komast að búningsherbergjum.

Innihurðir og umferðaleiðir

Allar umferðaleiðir greiðar og jöfn og góð lýsing á göngum.

Móttaka og upplýsingaborð – númerastandar

Fín afgreiðsla með tveimur hæðum á afgreiðsluborði.

Lyftur

Lyfta er inni í einum unisex búningaklefa, frá neðri innilaug í efri innilaug er pallalyfta og svo eru lyftur ofan í báðar innilaugar og í útilaug. Einnig er lyfta upp á 2.hæð í World Class.

Baðherbergi og eða snyrtingar

Salerni fyrir hreyfihamlaða eru nokkur, í báðum unisex klefum, í kvennaklefa og karlaklefa, salerni er fyrir framan móttöku og svo er annað salerni við innri innilaug. Hurðir eiga að opnast út eða vera rennihurðir og það er allt eins og á að vera á öllum stöðum. Armstoðir þurfa að vera báðu megin við salernið og amk. 90 cm pláss sitthvoru megin við salernið. Þetta er ekki uppfyllt allstaðar, t.d. í kvennaklefa er pláss hægra megin 91 cm en einungis 56 cm vinstra megin. Snagar eru ekki margir og mætti bæta úr því og passa að snagar séu í tveimur hæðum amk. Neðri brúnir spegla á snyrtingum eru í réttum hæðum eða 90 cm frá gólfi.

Sundklefar

Inniklefar: Það eru tveir sérútbúnir búningsklefar fyrir fatlaða einstaklinga. Einn er á gangi við útilaug með sér salerni og sturtustól og öðrum stól til að sitja á. Annar klefi er við litlu innlaugina en þar er skiptibekkur, lyfta og salerni. Allt til fyrirmyndar.

Útiklefi: í útiklefa er hæðarstillanleg sturta, baðstóll, salerni með armstoðum og neyðarhnappur.

Vinnusvæði

Fínt vinnusvæði í móttöku og vinnurými/ kaffiaðstaða fyrir starfsmenn.

Merkingar

Merkingar utanhúss eru skýrar sem og merkingar innandyra, við klefa og salerni, sundlaugar ofl.

Tækifæri til umbóta

Eina sem væri hægt að benda á sérstaklega er pottaaðstaðan úti sem ekki er aðgengileg fötluðum, annars er allt til fyrirmyndar.

Íþróttasvæði við Engjaveg

Aðkoma og bílastæði

Aðkoma að byggingu er skýrt afmörkuð, greinileg og greiðfær og aðkoma hindrunarlaus. Skyggni og skjól við inngöngudyr. Snjóbræðslukerfi í gangstétt. Tvö bílastæði fyrir hreyfihamlaða sem uppfylla skilyrði. Mætti vera auka stæði sem er stærra 4,5 m x 5 m.

Anddyri og inngangur

Umferðabreidd við aðalinngang er 86 cm. Útgangur við austur enda er með skyggni og gott pláss, umferðabreidd 85 cm og pumpa á hurð. Hurð inn í sal og sjoppu er 185 cm breið með rafstýrðum opnunarbúnaði.

Baðherbergi og eða snyrtingar

Tvö salerni kvenna og karla, umferðabreidd 90 cm. Fín stærð á salerni en armstoð einungis öðru megin. Spegill og snagi of hár. Viðmið spegils er 90 cm neðri brún og snagar mættu vera í tveimur hæðum, annar lægri fyrir hjólastólanotendur. Eitt salerni við Jáverk völl er fyrir hreyfihamlaða. Spegill og vaskur í fínni hæð. Tvær armstoðir við salerni en lítið pláss öðru megin.

Búningsherbergi

Staðlað herbergi með snögum og bekkjum.

Vinnusvæði

Fundarsalur og eldhús og vinnurými með 77 cm umferðabreidd. Vinnurými þjálfara með hækkanlegum skrifborðum.

Önnur rými

Rampur af velli niður á jarðhæð þar sem í salerni eru. Gott aðgengi fyrir hreyfihamlaða um allt svæðið sem er til fyrirmyndar.

Tækifæri til umbóta

Bæta við bílastæðum og einu stærra 4,5 m x 5 m. Skoða salerni mtt. hæða á speglum, snögum og setja upp armstoðir þar sem vantar.

Íþróttahúsið Baula

Aðkoma og bílastæði

Aðkoma að byggingu er skýrt afmörkuð, greiðfær og aðkoma að inngöngudyrum er hindrunarlaus. Skyggni yfir inngöngudyrum og rafstýrður opnunarbúnaður. Þrjú bílastæði fyrir hreyfihamlaða, eru öll rétt undir mörkum 3,7 m x 6 m / 3,7 m x 6 m/ 3,5 m x 6 m. Gert er ráð fyrir 3,8 m x 5 m og svo einu stærra 4,5 m x 5 m. Ekki fengust svör um hvort það væri snjóbræðsla að inngangi.

Anddyri og inngangur og umferðarleiðir

Fín lýsing og merkingar. Rafstýrður opnunarbúnaður á útihurð. Glerfletir merktir. Sæti og mottur í inngangi. Breiðir og fínir gangar og bekkir. Innihurðir í lagi.

Móttaka og upplýsingaborð – númerastandar

Afgreiðsla auðfundin og borð í fínni hæð.

Stigar

Einungis stigi upp í Taikwondosal sem er 103 cm breiður, handrið og merkingar í tröppum.

Baðherbergi og eða snyrtingar

Salerni fyrir hreyfihamlaða fínt, 86 cm umferðabreidd, armstoðir beggja vegna salernis, en aðeins of lítið pláss öðru megin við salernið, 120 cm og svo 67 cm (viðmið er 90/90cm). Neðri brún spegils of há, 113 cm en viðmiðið er 90 cm.

Búningsherbergi

Inni af fimleikaaðstöðu er salerni og sturtuklefi með upphækkun fyrir þau börn sem vilja eða þurfa sérrými.

Karla og kvennaklefar staðlaðir með 86 cm umferðabreidd, snagar og bekkir í fínni hæð eða 48 cm.

Merkingar

Fínar merkingar um allt svæðið.

Tækifæri til umbóta

Flóttaleið úr fimleikasal er með háum þröskuldi utan frá sem er 18 cm. Mætti setja ramp þar.

Íþróttahúsið Vallaskóla

Aðkoma og bílastæði

Aðkoma skólamegin er fín og eitt sérmerkt stæði fyrir hreyfihamlaða sem er aðeins undir viðmiðum 3,5 m x 5 m. Ekkert stærra bílastæði 4,5 m x 5 m.

Anddyri og inngangur

Inngangur í íþróttahús er vinstra megin, lítil þung hurð, ekki með rafstýrðum opnunarbúnaði. Inngangur skólamegin fyrir hreyfihamlaða, þar er rafstýrður opnunarbúnaður á hurð.

Innihurðir og umferðaleiðir

Fínir gangar en 6,5 cm hár þröskuldur inn í sal, sem er yfir viðmiðum sem er 2,5 cm.

Lyftur

Lyfta niður í klefa og sal er 132 cm x 125 cm og þurfa stólar að snúa til að geta komist út þar sem hurðir eru í sitt hvora áttina. Einnig er stigalyfta fyrir stúku.

Baðherbergi og eða snyrtingar

Eitt salerni fyrir hreyfihamlaða niðri við lyftu, það var læst og ekki var hægt að komast þar inn.

Búningsherbergi

Stöðluð búningsherbergi með litlum salernum. Ekkert sér búningsherbergi fyrir hreyfihamlaða.

Merkingar

Merkingar fínar.

Tækifæri til umbóta

Lyfta ekki hentug þar sem erfitt getur verið að snúa hjólastólum, skoða þarf sérstaklega salerni fyrir hreyfihamlaða og að það sé auðvelt að komast þangað inn. Einnig mætti skoða möguleika á búningsherbergi fyrir hreyfihamlaða. Skoða þarf þröskulda sem eru yfir 2,5 cm háir.

Íþróttahúsið Stokkseyri

Aðkoma og bílastæði

Aðkoma að byggingu er greinileg og greiðfær og hindrunarlaus aðkoma að inngöngudyrum. Merkingar skýrar. Snjóbræðslukerfi ekki til staðar. Ekki sérmerkt stæði fyrir hreyfihamlaða.

Anddyri og inngangur

Breið tvískipt hurð við inngang. Rampur við inngang og annar inn í sal sem er frekar stuttur og brattur. Hurð inn í sal er 104 cm.

Hurð inn í eldhús er í það minnsta, aðeins 75 cm. En húsið er leigt út fyrir veislur.

Stigar

Brattur mjór stigi upp á 2.hæð þar sem m.a. eru geymslur, handrið öðru megin.

Baðherbergi og eða snyrtingar

Eitt salerni fyrir hreyfihamlaða í inngangi, hurð opnast inn en umferðabreidd er góð. Spegill helst til hár eða 122 cm en neðri brún ætti að vera 90 cm.

Athafnarými fyrir framan salerni ætti að vera amk 150 cm x 150 cm en er 120 x 180 cm. Armstoðir beggja vegna en einungis 50 cm pláss hægra megin. Viðmið er 90 cm hvoru megin.

Búningsherbergi

Staðlaðir klefar með litlum salernum, bekkjum og snögum.

Tækifæri til umbóta

Skoða hæð á spegli og snögum á salerni fyrir hreyfihamlaða. Ath. hvort hægt sé að minnka halla á rampinum inn í sal. Merkja bílastæði fyrir hreyfihamlaða.

Samkomuhúsið Staður

Aðkoma og bílastæði

Aðkoma að byggingu er skýrt afmörkuð og greiðfær og aðkoma að byggingu er hindrunarlaus. Skábraut að aðalinngangi. Ekki er snjóbræðslukerfi fyrir framan húsið. Einn standur með merki um bílastæði fyrir hreyfihamlaða en stæðið er ekki merkt með línunum.

Anddyri og inngangur

Tvískipt 2 x 90 cm hurð sem er hægt að opna upp á gátt. Útidyrhurð helst til þung. 8 cm þröskuldur en það er laus rampur fyrir innan sem hægt er að nota. Annar inngangur er íþróttahús- og kvennfélagsmegin. Þar er 14 cm þröskuldur og stigi upp, engin lyfta. Þeir sem eru hreyfihamlaðir þurfa að fara inn um aðalinngang, inn í íþróttasalinn, nýta sér pallalyftu sem þar er til að komast að herbergi kvennfélagsins, eldhúsi og búningsherbergjum á 2. hæð.

Innihurðir og umferðaleiðir

Innihurðir og umferðaleiðir ágætar. Pallalyfta í miðjum íþróttasalnum fer upp á 2. hæð. Einungis stigi upp á 3. hæð í veislusal. Aðgengi inn í karlalefta íþróttamegin ansi þröngt, lítið pláss við hurðina. Betra rými fyrir framan inngang í kvennaklefan.

Flóttaleið úr íþróttasal er með 14 cm þröskuldi innan frá og 38 cm utan frá. Nauðsynlegt að setja upp rampa hérna.

Stigar

Um 100 cm breiður, sami litur á gólfleti, tröppum og pöllum. Engar greinilegar áherslumerkingar á tröppum og afmörkun stiga við upphaf og endi ekki greinileg.

Lyftur

Pallalyfta úr íþróttasal upp á 2. hæð. Lyfta fer ekki upp á 3. hæð þar sem veislusalur er.

Baðherbergi og eða snyrtingar

Á 1. hæð er salerni fyrir hreyfihamlaða, með hurð sem opnast út. Ekkert handfang á innanverðri hurð nálægt lómum til að auðvelda hjólastólanotendum að loka hurðinni. Armstoð einungis hægra megin við salernið. Athafnarými 107 cm x 200 cm en viðmiðið er 150 cm x 150 cm. Hæð á spegli og vaski fín.

Búningsherbergi

Stöðluð búningsherbergi með snögum og bekkjum og litlum salernum.

Merkingar

Mætti merkja húsið betur.

Önnur rými

Engin sérstök móttaka, þjónustumiðstöðin er í anddyrinu, engar skrifstofur.

Tækifæri til umbóta

Setja þarf rampa við flóttaleið úr íþróttasal og merkja betur bílastæði fyrir hreyfihamlaða. Athugasemd við aðgengi að 2. og 3. hæð. Aðgengi inn í karlaklefa íþróttamegin ansi þröngt, lítið pláss við hurðina.

Setja handfang á innanverða hurð nálægt lómum til að auðvelda hjólastólanotendum að loka hurðinni.

Setja áherslumerkingar á tröppur í stiga og afmörkun við upphaf og endi, sem bætir aðgengi m.a. fyrir sjóndapra.

Júdósalur Sandvík

Aðkoma og bílastæði

Aðkoma að Júdósalnum er í gömlu húsi á móti Sundhöll Selfoss, ekki er bílastæði fyrir hreyfihamlaða fyrir framan en hægt er að keyra inn á planið hjá Fjölheimum þar sem eru sérmerkt bílastæði.

Anddyri, innihurðir og umferðaleiðir

Aðgengi inn í hús er ekki hindrunarlaust. 8 cm kantur er fyrir framan hús og 6 cm þröskuldur inn um aðalinnganginn. Hægt er að opna tvískiptahurð og er umferðabreidd þá 128 cm.

Hurð inn á gang er 84 cm breið og 3 cm þröskuldur. Hurð inn í sal er fín en dýnuþröskuldur er 6 cm hár.

Baðherbergi og eða snyrtingar

Lítill salerni í búningsklefum og ekkert fyrir hreyfihamlaða.

Búningsherbergi

Þröngt aðgengi inn í búningsklefa sem er staðlaður með bekkjum og snögum.

Merkingar

Húsið er merkt að utan.

Tækifæri til umbóta

Gamalt hús sem erfitt er að aðlaga að aðgengi fyrir hreyfihamlaða, en það væri amk. hægt að merkja bílastæði og laga þröskulda svo að hreyfihamlað fólk komist inn á svæðið þó ekki sé salerni eða búningsaðstaða við hæfi.

Tónlistarskóli

Aðkoma og bílastæði

Aðalbygging: Aðkoman fín og bílastæði fyrir hreyfihamlaða beint fyrir utan 4,5 m x 3,7 m sem er aðeins undir reglugerðarviðmiðum (5 m x 3,8 m). Hallandi rampur af bílastæði að inngangi.

Aðkoman skýrt afmörkuð og skyggni yfir inngöngudyrum.

Anddyri og inngangur

Aðalinngangur í lagi, en starfsmannainngangur (sem einnig er flóttaleið) er einungis með 75 cm umferðabreidd og hár þröskuldur sem er 3,5 cm innan frá og 23 cm utan frá auk 7 cm háum kanti fyrir framan hurðina.

Innihurðir og umferðaleiðir

Gangur á 1. hæð í aðalbyggingu er um 130 cm breiður og fínn. Kennslustofur eru með 90 cm umferðabreidd og engir þröskuldar. Á 2. hæð er hurð inn á ganginn með 90 cm umferðabreidd og flóttaleið úr einu rýminu.

12 cm hækkun inn í trommuherbergi en þar mætti setja upp lítinn ramp.

Móttaka og afgreiðsla

Þrjár vinnustöðvar, ein með hækkanlegu borði. Opnanlegur gluggi fram á gang í fínni hæð, 90 cm.

Stigar

Stigi upp á 2. hæð í aðalbyggingu er mjög fínn, 140 cm breiður með handlista beggja vegna og áherslumerkingum í tröppum.

Skábrautir

Skábraut við aðalinngang kemur vel út.

Lyftur

Lyfta er 167 cm x 114 cm sem aðeins undir stærðarviðmiðum (110 cm x 210 cm).

Baðherbergi og eða snyrtingar

Salerni 1. Hæð, salerni fyrir hreyfihamlaða með 90 cm umferðabreidd, vaskur í 84 cm hæð sem er fínt en neðri brún spegils er of há, 126 cm, en viðmiðið er 90 cm. Armstoðir beggja vegna en lítið pláss hægra megin við salernið. Einungis 50 cm í stað 90 cm. 92 cm pláss vinstra megin. Athafnarými fyrir framan salernisskál er skv. viðmiðum.

Salerni 2. hæð Salerni við hlið lyftu með hurð sem opnast út. Vaskur í 86 cm hæð og spegill í 126 cm hæð, viðmið er 90 cm hæð á neðri brún spegils. Amstoðir beggja vegna en lítið pláss hægra megin við salerni eða einungis 53 cm, en 130 cm vinstra megin, viðmið er 90cm/90cm. Snagi í 130 cm hæð, mætti vera annar lægri. Fínt rými fyrir framan salerni.

Salerni á 3. hæð er með hurð sem opnast út, armstoðir beggja vegna, 74 cm rými hægra megin og 99 cm vinstra megin við salerni. Vaskur og spegill í sömu hæð og á 1. og 2. Hæð. Fínt athafnarými fyrir framan salerni.

Vinnusvæði

Vinnuherbergi kennara með góða umferðabreidd, 90 cm, tvö borð sem ekki eru hækkanlega auk fundarborðs.

Merkingar

Merkingar fínar, á húsinu og inni við herbergi.

Útihús

Anddyri og inngangar

Tveir inngangar en hurð sem oftast er notuð er með ramp. Þar er innri þröskuldur sem er 5 cm og þyrfti að laga. 29 cm hár þröskuldur við hinn innganginn.

Umferðabreidd hurða er góð, 90 cm inn í öll rými.

Skábraut

Mældist 6° sem er í lagi en það mætti setja upp smá handrið eða kannt næst hurðinni.

Salerni

Gott salerni fyrir hreyfihamlaða inn af sal með góðu athafnarými fyrir framan salerni. Spegill og vaskur í góðri hæð. Armstoðið beggja vegna, 67 cm rými hægra megin við salerni og 170 cm vinstra megin (viðmið er 90 cm / 90 cm). Vantar snaga á vegg.

Tækifæri til umbóta

Laga línu sem er fyrir framan bílastæðið fyrir hreyfihamlaða, en það lítur út fyrir að þetta sé stæði fyrir tvo bíla. Einnig mætti setja upp skilti á staur sem sýnir að þarna sé sérmerkt bílastæði, merkingar sem eru einungis málaðar á götuna sjást ekki svo auðveldlega á veturna. Setja mætti upp rampa v. þröskuldar við starfsmannainngang, lækka spegla á baðherbergjum, setja einnig upp lægri snaga. Setja upp ramp við trommuherbergi og setja kannt á ramp fyrir utan útihús.

Bókasafn Árborgar, Selfoss

Aðkoma, anddyri og bílastæði

Aðkoma er skýrt afmörkuð og hindrunarlaus, merkingar utanhúss eru skýrar og skábraut í aðkomu að byggingu. Rafstýrður opnunarbúnaður á hurð sem er 120 cm og innri hurð 125 cm. Ekki er skyggni við aðalinngang né snjóbræðslukerfi og tröppur að húsinu eru í frekar slæmu ásigkomulagi, brotnar og ótryggar. Bílastæði fyrir hreyfihamlaða er á bak við hús en þar er annar inngangur sem einnig hægt að nýta sér. Bílastæðið fyrir hreyfihamlaða er 3,3 m x 5,2 m sem er undir viðmiðum (3,8 m x 5 m). Inngangur á bak við hús er með 83 cm umferðabreidd.

Innihurðir og umferðaleiðir

Bókasafnið er á tveimur hæðum, opið rými og móttaka er á efri hæð, á neðri hæð er sýning, salerni og lesstofur ásamt fundarsal.

Inngangur í lestofu er 92 cm breiður, inngangur í fundarsal er 86 cm og inngangur á salernisgang er 85 cm og frá lyftu inn í sýningarsal 85 cm, sem allt er yfir viðmiðum.

Breidd ganga er fín og sömuleiðis lýsing á göngum.

Móttaka og upplýsingaborð – númerastandar

Afgreiðsluborð er auðfundið um leið og komið er inn í byggingu og er bæði fyrir sitjandi og standandi gesti/notendur. Lítið rými er þó undir borðinu fyrir hreyfihamlaða starfsmenn.

Stigar

Hringstigi er niður á jarðhæð, afmörkun stiga er greinileg og breidd skv. viðmiðum eða 120 cm.

Skábrautir

Skábraut fyrir framan húsið er með réttan halla, en málning á rampi fyrir sjóndapra en nánast farin og mætti laga. Engir kantar eru á rampinum sem mætti einnig skoða.

Lyftur

Lyfta fer á allar hæðir og er 109 cm x 169 cm breið.

Baðherbergi og eða snyrtingar

Salerni fyrir hreyfihamlaða er á neðri hæð og umferðabreidd 83 cm, hurð opnast inn sem gerir hreyfihömluðum oft erfitt fyrir. Athafnarými fyrir framan salernisskálina er 108 cm x 220 cm (viðmið er 150 cm x 150 cm). Athafnarými til hliðar við salerni er 75 cm hægra megin og 90 cm vinstra megin (viðmið er 90 cm / 90 cm). Setja þarf upp armstoðir. Spegill er of hár, lægri brún er 125 cm en viðmiðið er 90 cm. Engir snagar á salerninu sem mætti bæta við. Opið er undir vask svo að hjólastólanotandi komist að. Starfsmannasalerni er á efri hæð bókasafnsins og er ekki ætlað hreyfihömluðum. Þetta salerni er einnig nýtt sem skúringakompa.

Vinnusvæði

Vinnusvæði starfsmanna er ansi þröngt, umferðabreidd hurðar sem er aðallega notuð er aðeins 73 cm, en viðmiðið er 80 cm. Mikið er af hillum og dóti á göngum sem þrengja að.

Tækifæri til umbóta

Tröppur þarf að laga, við ramp mætti setja upp kannt eða amk. mála kantinn fyrir sjóndapra.

Salerni, setja upp armstoðir og athuga hvort hægt sé að snúa hurð svo hún opnast út. Laga hæð á spegla og setja upp snaga.

Vinnusvæði, athuga hvort hægt sé að losa um svæðið svo að fólk komist betur að vinnustöðvunum.

Bókasafn Eyrarbakka

Aðkoma, anddyri og bílastæði

Bókasafnið á Eyrarbakka er á 2. hæð í eldra húsi. Aðkoman er skýrt afmörkuð, en aðkoman er ekki hindrunarlaus. Aðalinngangur er með 79 cm umferðabreidd sem er rétt innan viðmiða en með 19 cm háum þröskuldi utan frá. Þegar komið er inn í hol tekur við annar 5 cm þröskuldur.

Innihurðir og umferðaleiðir og flóttaleiðir

Flóttaleið er einungis á jarðhæð, aðalinngangur og hurð úr geymslu inni af eldhúsi.

Á efri hæð hússins þar sem bókasafnið er, er 75 cm umferðabreidd inn í vinnurými, 78 cm inn í sal, 70 cm inn í barnaherbergi og 58 cm umferðarbreid inn á lítið salerni sem bæði er fyrir starfsmann og gesti.

Stigar

Stigi er í um 100 cm breiður, með handriði öðru megin.

Baðherbergi og eða snyrtingar

Lítið salerni, fyrir starfsmann og gesti.

Vinnusvæði

Lítill skrifstofa sem er með venjulegu, ekki upphækkanlegu skrifborði.

Tækifæri til umbóta

Bókasafnið er ekki í hentugu húsnæði, en starfsmaður hefur komið til móts við bókasafnsgesti og íbúa bæjarins með því að fara með bækur niður á 1. hæð eða jafnvel keyrt og sótt bækur heim til fólks.

Bókasafn Stokkseyri

Aðkoma og bílastæði

Aðkoma að byggingu er skýrt afmörkuð, greinileg og greiðfær. Aðkoma að inngöngudyrum er hindrunarlaus og merkingar skýrar. Rafstýrður opnunarbúnaður er á inngönguhurð, skyggni og skjól við dyrnar. Anddyri er fínt, rafdrifnar hurðir sem opnast í miðju og er umferðabreidd 108 cm og seinni hurð inn á gang er 106 cm og hægt að opna aðra jafn breiða. Ekki er sæti í anddyri en sófi er til hægri um leið og komið er inn.

Sérmerkt bílastæði er fyrir hreyfihamlaða, stæðið er einungis merkt með skilti og mætti einnig mála það. Bílastæðið er í sömu hæð og gangsstétt.

Innihurðir og umferðaleiðir

113 cm umferðabreidd inn á bókasafn, góð og jöfn birta á göngum. Bækur eru einnig í hillum á gangi fyrir framan bókasafnið og fínt aðgengi að þeim.

Móttaka og upplýsingaborð

Venjulegt skrifborð inni á bókasafninu.

Stigar

Breidd stiga er frá 150 cm – 300 cm. Teppi í stiga og handrið beggja vegna.

Lyftur

Lyfta fer upp á efri hæð þar sem bókasafnið er. Innanmál lyftu er 114 cm x 150 cm.

Baðherbergi og eða snyrtingar

Salerni fyrir hreyfihamlaða eru tvö, annað á 1. hæð og hitt á 2.hæð

1.hæð: útopnanleg hurð og fín umferðabreidd. Armstoðir beggja vegna salernis og athafnarými er 95 cm hægra megin og 70 cm vinstra megin. Viðmið er 90 cm / 90 cm. Neðri brún spegils er aðeins of há eða 99 cm í stað 90 cm. Opið er undir vask sem auðveldar aðgengi. Athafnarými fyrir framan salernisskál er 130 cm x 200 cm, en viðmið er lágmark 150 cm x 150 cm.

2.hæð: 87 cm umferðabreidd, armstoðir beggja vegna og athafnarými er 78 cm hægra megin og 82 cm vinstra megin. Neðri brún spegils er í 99 cm hæð. Snagi er í fínni hæð.

Tækifæri til umbóta

Mála mætti stæðið fyrir hreyfihamlaða og fjölga stæðum. Hafa eitt sem er 3,8 m x 5 m og annað sem er stærra, 4,5 m x 5 m.

Lækka spegla á snyrtingu og setja upp snaga á 1. hæð í mismunandi hæðum.

Ráðhús Árborgar

Aðkoma, anddyri og bílastæði

Aðkoma er skýrt afmörkuð og hindrunarlaus, merkingar utanhúss eru skýrar og skábraut í aðkomu að byggingu. Rafstýrður opnunarbúnaður á hurð sem er 120 cm og innri hurð 125 cm. Ekki er skyggni við aðalinngang né snjóbræðslukerfi og tröppur að húsinu eru í frekar slæmu ásigkomulagi, brotnar og ótryggar. Bílastæði fyrir hreyfihamlaða er á bak við hús, en þar er annar inngangur sem einnig hægt að nýta sér. Bílastæði fyrir hreyfihamlaða er 3,3 m x 5,2 m sem er undir viðmiðum (3,8 m x 5 m). Inngangur á bak við hús er með 83 cm umferðabreidd. Hurð er með pumpu og er höfð opin á opnunartíma.

Innihurðir, umferðaleiðir og flóttaleiðir

2.hæð fjármálasvið

Frá stiga er 87 cm umferðabreidd inn á gang sem er 150 cm breiður. Tvö stór fundarherbergi með 87 cm umferðabreidd. Á fjármálasviðinu er 12 vinnustöðvar, teppi á gólfi, rafdrifin borð og skilrúm. Á frístunda og menningadeild og skólaþjónustu eru einnig vinnustöðvar með rafdrifnum borðum og skilrúmum.

3.hæð fjölskyldumiðstöð, fundarherbergi og salir

Frá stiga er 87 cm umferðabreidd inn á gang sem er um 130 cm breiður. Umferðabreidd inn í öll rúmi er skv. viðmiðum, um 80 cm.

Gagnageymsla / gamla prentarherbergið er mjög þröngt, þung pumpa á hurð og umferðabreidd um 67 cm.

Móttaka og upplýsingaborð – númerastandar

Rafrænn innskráningarskjár er við aðalinngang á 1. hæð. Þjónustuver ráðhússins er einnig á 1. hæð vinstra megin við bókasafnið og eru öll borð í 113 cm hæð. Viðmið er 75-80 cm fyrir sitjandi notendur og svo 100-110 cm fyrir standandi notendur.

Stigar

Eru breiðir og með handrið beggja vegna.

Skábrautir

Skábraut fyrir framan húsið er með réttan halla, en málning á rampi fyrir sjóndapra en nánast farin og mætti laga. Engir kantar eru á rampinum sem mætti einnig skoða.

Lyftur

Lyfta fer á allar hæðir og er 109 cm x 169 cm breið (lyfta fyrir sjúkrarúm þarf að vera 110 cm x 210 cm).

Baðherbergi og eða snyrtingar

Salerni fyrir hreyfihamlaða eru á jarðhæð og 2. hæð. Á 1. og 3. hæð eru minni salerni.

Jarðhæð: umferðabreidd er 83 cm, hurð opnast inn sem gerir hreyfihömluðum oft erfitt fyrir.

Athafnarými fyrir framan salernisskálina er 108 cm x 220 cm (viðmið er lágmark 150 cm x 150 cm).

Athafnarými til hliðar við salerni er 75 cm hægra megin og 90 cm vistra megin (viðmið er 90 cm / 90 cm). Bæta þarf við armstoðum. Spegill er of hár, lægri brún er 125 cm en viðmiðið er 90 cm. Engir snagar á salerninu sem mætti laga. Opið er undir vask svo hjólastólanotandi kemst að vaskinum.

2.hæð: Umferðabreidd er 87 cm, hurð opnast inn. Frítt athafnarými fyrir framan salernisskál er 150 cm x 120 cm sem er undir viðmiðum. Armstoðir eru beggja vegna og athafnarými 70 cm og 90 cm en viðmið er 90 cm / 90 cm.

Tækifæri til umbóta

Tröppur fyrir framan hús þarf að laga, við ramp mætti setja upp kannt eða amk mála kantinn fyrir sjóndapra.

Salerni, athuga hvort hægt sé að snúa hurðum svo þær opnast út. Laga hæð á speglum og setja upp snaga.

Borð í þjónustuveri mættu gjarnan vera í tveimur hæðum og væri hægt að lækka eitt borðið.

A67 Þjónustumiðstöð

Aðkoma, anddyri og bílastæði

Aðkoma að byggingu er skýrt afmörkuð, greiðfær og hindrunarlaus. Skyggni og skjól er yfir inngöngudyrum. 96 cm umferðabreidd á hurð sem er með pumpu. 9 cm þröskuldur utan frá en viðmið er 2,5 cm. Stórt og fínt anddyri.

Rampur frá sérmerktu bílastæði er um 100 cm breiður og er farið að brotna upp úr honum. Merkja þarf bílastæði fyrir hreyfihamlaða betur með málningu og skilti.

Innihurðir og umferðaleiðir, vinnusvæði

Gangar og umferðaleiðir eru um 135-180 cm breiðar. Efri hæð hjá Selfossveitum eru hurðir með 80 cm umferðabreidd, rafdrifin borð, gluggar og fín birta. Neðri hæð hjá Þjónustumiðstöð er með eina hurð sem er með 76 cm umferðabreidd, annað í lagi. Matsalur er fínn, 120 cm umferðabreidd á hurð út á pall, þar er hár þröskuldur, 15 cm utan frá og 6 cm innan frá. Fundarherbergi 1. hæð er með 76 cm umferðabreidd á hurð. Skoða þarf loftræstingu sem er ekki nægjanlega öflug.

Stigar

Stigi upp til Selfossveitna er 85 cm breiður, merking fremst á tröppum og handrið.

Stigi upp frá móttöku er 91 cm breiður og handrið.

Baðherbergi og eða snyrtingar

Eitt salerni er fyrir hreyfihamlaða, hurð opnast út og umferðabreidd er góð. Athafnarými fyrir framan salerniskál er 170 cm x 220 cm sem er mjög gott. Armstoðir eru beggja vegna salernis og athafnarými 73 cm vinstra megin og 108 cm hægra megin en viðmið er 90 cm / 90 cm. Opið er undir vask og gott aðgengi að honum. Neðri brún spegils er of há eða 100 cm en viðmiðið er 90 cm. Fatasnagi í 168 cm hæð og væri gott að bæta við öðrum lægri.

Búningsherbergi

Staðlaðir skápar og bekkir.

Önnur rými

Verkstæði með 90 cm vinnuborðum.

Tækifæri til umbóta

Laga þarf ramp sem farið er að brotna upp úr. Merkja þarf bílastæði fyrir hreyfihamlaða betur með málningu og skilti. Lækka spegil á salerni fyrir hreyfihamlaða og bæta við lægri snaga. Mögulegt að bæta við þröskuldarampi við hurð út á pall frá matsal.

Heimili fatlaðra - Vallholt

Aðkoma, anddyri og bílastæði

Einbýlishús inni í hverfi með aflíðandi innkeyrslu. Aðkoma að inngöngudyrum er hindrunarlaus, skyggni og skjól. Ekki rafstýrður opunarbúnaður á hurð.

Ekkert sérmerkt stæði fyrir hreyfihamlaða. Nokkur bílastæði eru fyrir aftan húsið þar sem starfsmenn leggja.

Innihurðir og umferðaleiðir

Fín umferðabreidd á öllum hurðum í herbergjum, 96 cm umferðabreidd út í garð og þar er einnig rampur.

Flóttaleiðir eru í öllum rýmum, út um hurðir eða glugga. Stærri hurðir í eldhúsi og sólstofu.

Baðherbergi og eða snyrtingar

Eitt baðherbergi er fyrir íbúa og annað fyrir starfsmenn.

Baðherbergi/ Salerni fyrir heimilisfólk er með sturtu, “Bláalóninu” og baðstól. Armstoðir eru beggja vegna salernis. Opið er undir vask en það er lítið pláss v. innréttinga.

Vinnusvæði

Hækkanleg skrifborð og finir skrifborðsstólar. Eldhúsinnrétting er stöðluð, 90 cm há.

Önnur rými

Sólstofa er full af hjálpartækjum, en það vantar rými til að geyma þau í.

Þvottahús er með tveimur þvottavélum ofan á hvor annarri og tveimur þurrkurum ofan á hvor öðrum. Þyrfti að skoða hvað væri hægt að gera til að bæta vinnuaðstöðu starfsmanna þar.

Tækifæri til umbóta

Setja rafstýrðan opunarbúnað á hurð við aðalinngang. Skoða þarf þvottahús og setja ramp við ruslageymslur úti við bílskúr. Skoða þarf baðherbergi og hvort sé hægt að fá betra aðgengi að vask.

Dagdvölin Árblik

Aðkoma, anddyri og bílastæði

Inngangar eru tveir, annar frá nýrri byggingu og hinn frá Grænumörk. Aðkoma að byggingum er skýrt afmökuð og greiðfær og sömuleiðis aðkoma að inngöngudyrum. Skyggni er yfir inngangi á báðum stöðum.

Inngangur frá Grænumörk er á miðjum gangi innandyra, en það er rafstýrður opunarbúnaður á hurð og hún opnast fram á ganginn og gæti auðveldlega rekist í fólk sem er að ganga framhjá. Skoða þarf hvort ekki er hægt að færa þessa hurð innar.

Inngangur frá nýja húsnæðinu, þar er hurð með rafstýrðum opunarbúnaði og hægt að stoppa hurð auðveldlega svo hún lokist ekki á fólk.

Nýji inngangurinn er með bílastæði í sömu hæð og gangsstétt en ekkert sérmerkt bílastæði er fyrir hreyfihamlaða. Við eldri inngang eru tvö stæði sérmerkt en þau eru bæði meira en 25 metrum frá inngangi.

Innihurðir og umferðaleiðir

Allar hurðir inni í Árbliki eru mjög fínar og með 82 cm umferðabreidd. Öll rými eru vel merkt með filmum í gluggum með nöfnum á rýmum. Breidd ganga er góð og fín og jöfn birta.

Við svalahurð frá eldhúsi og úr sal eru háir þröskuldar eða um 7 cm. Viðmið er að þröskuldar séu ekki hærri en 2,5 cm.

Stigar

Stigi í nýju byggingunni er með bláu teppi, sama efni og á gólflötum. Breidd stiga er 130 cm sem skv. viðmiði.

Afmörkun stiga Grænumerkur megin er betri þar sem ekki er sama efni í stiga og á gólflötum.

Lyftur

Lyftur eru tvær. Við aðalinngang er lyfta með 107 cm x 200 cm gólflöt og Grænumerkur megin er lyfta sem er 106 cm x 210 cm. Viðmið er 110 cm x 210 cm fyrir lyftu sem getur tekið á móti sjúkrabörum sem væntanlega er hentugt í húsnæði sem þessu.

Baðherbergi og eða snyrtingar

Það eru samtals sex salerni og baðherbergi. Eitt salerni er sérstaklega ætlað hreyfihömluðum einstaklingum, en hurð opnast inn. Það er gólflötur/ athafnarými gott. Tvö venjuleg salerni fyrir gesti, eitt starfsmannasalerni, eitt baðherbergi með baðstól og svo er eitt stærra salerni með japönsku salerni og armstöðum beggja vegna. Hurð opnast út og athafnarými skv. viðmiðum. Neðri brún spegla allstaðar of há en viðmið er 90 cm.

Vinnusvæði

Vinnusvæði fín á flestum stöðum. Erfið vinnuaðstaða í eldhúsi fyrir starfsmann sem hrærir í mjög stórum pottum og hefði verið gott að geta haft rafstýrða einingu með hellum svo hægt sé að hækka og lækka borðið.

Tækifæri til umbóta

Skoða þarf inngang frá Grænumörk inn á Árblik sem getur verið hættuleg íbúum og starfsfólki. Setja mætti rampa út á svalir og lækka spegla á baðherbergjum. Einnig má skoða að setja helluborðseiningu í rafdrifið borð til að bæta vinnuaðstöðu fyrir starfsmenn eldhússins. Merkja þarf bílastæði fyrir hreyfihamlaða við nýja innganginn.

Dagdvölin Vinaminni

Aðkoma, anddyri og bílastæði

Aðkoma að byggingu er skýrt afmörkuð, greinileg og greiðfær. Aðkoma að inngöngudyrum er hindrunarlaus og merkingar skýrar. Rafstýrður opunarbúnaður á hurðum, en ekki er mikið skjól. Lýsing og merkingar góðar.

Sérmerkt bílastæði er fyrir hreyfihamlaða, en það er 3,2 m x 5 m sem er aðeins undir viðmiðum en vel merkt. Rampur upp af bílastæði að stétt.

Innihurðir og umferðaleiðir

Stórt opið og falletgt rými, m.a. með stofu, eldhúsi og slökunarherbergi. Rafstýrður opunarbúnaður á hurð út í garð.

Gott aðgengi að öllum rýmum.

Baðherbergi og eða snyrtingar

Tvö baðherbergi með salerni og armstoðum beggja vegna. Önnur tvö salerni þar sem armstoð er öðru megin, annað með hægri armstoð og hitt með vinstri armstoð.

Merkingar

Merkingar utanhúss eru skýrar, nafn dagdvalar er á glerinu. Gæti verið gott að merkja glerhurðir út í garð á svipaðan hátt og anddyri.

Tækifæri til umbóta

Húsið er falletgt og gott aðgengi að öllum rýmum.

Viss Endurhæfing

Aðkoma og bílastæði

Aðkoma að byggingu er skýrt afmörkuð, greinileg og hindrunarlaus. Skábraut er í aðkomu að byggingu og tvö sérmerkt bílastæði fyrir hreyfihamlaða í sömu hæð og gangstétt, 3,1 m x 6 m. Snjóbræðsla er á planinu við húsið.

Anddyri og inngangur

Rafstýrður opunarbúnaður á inngönguhurð, skyggni og skjól. 100 cm umferðabreidd.

Innihurðir og umferðaleiðir

83 cm umferðabreidd inn á gang að verslun. 87 cm umferðabreidd inn í verslun, öðru megin.

Gangur frá matsal breiður og fínn sem og aðrir gangar. Umferðabreidd inn í matsal er 103 cm. Fín breidd á öðrum hurðum.

Hurð út í garð með 103 cm umferðabreidd, er með pumpu og frekar þung. 4 cm þröskuldur.

Flóttaleið frá lofti er með 84 cm umferðabreidd, hár þröskuldur eða 20 cm utan frá og 18 cm innan frá.

Stigar

100 cm breiður stigi upp á loft á Teloft, engin lyfta í húsinu.

Baðherbergi og eða snyrtingar

Salerni fyrir hreyfihamlaða eru tvö, þó er einnig salerni með armstoðum inni í þvottahúsinu.

Salerni 1 - nær matsal, hurð opnast inn, góð umferðabreidd, opið undir vask sem er hæðarstillanlegur. Neðri brún spegils er í 105 cm en viðmið er 90 cm. Einnig er baðkar inni á

salerninu. Armstoðir eru beggja vegna salernis og athafnarými er 90 cm hægra megin og um 150 cm vinstra megin, en þar sem baðkar tekur mikið pláss þá er raunverulegt athafnarými um 30 cm.

Salerni 2 - hjá smíðastofu, hurð opnast út, góð umferðabreidd, armstoðir beggja vegna salernis, athafnarými 86 cm hægra megin og 15 cm vinstra megin. Opið er undir vask og neðri brún spegils er í 112 cm hæð, viðmið er 90 cm.

Vinnusvæði

Skrifstofa með tveimur skrifborðum sem eru ekki upphækkanleg.

Þvottahús, upphækkaðar vélar í góðri vinnuhæð.

Stór, bjartur og fallegur vinnusalur, sum borðin hækkanleg og hægt að fara með borð út um bílskúrshurð í góðu veðri. Tréverkstæði rúmt og gott, ekki hækkanlega borð.

Staðlað eldhús og innréttingar.

Tækifæri til umbóta

Húsnæðið er allt til fyrirmyndar varðandi aðgengi fyrir utan efri hæðina, þar sem einungis er hægt að komast upp stiga.

A2 Þjónustumiðstöð

Aðkoma, anddyri og bílastæði

Húsið er byggt 1993 fyrir starfseminu í húsinu.

Aðkoma að byggingu er skýr og aðkoma að inngöngudyrum er hindrunarlaus. Sérmerkt bílastæði er í sömu hæð og gangstétt/ inngangur og snjóbræðslukerfi er við inngang. Aðalinngangur er með 93 cm umferðabreidd, hurðin er ekki með rafstýrðum opnunarbúnaði. Sæti er í anddyri, jöfn birta og mottur sem eru færar hjólastólanotendum.

Innihurðir og umferðaleiðir

Svefnherbergin Meyjarskemman, Bifröst, Hrútaklefinn, Glaumbær og Básinn eru öll með góðri umferðabreidd og flóttaleiðir um hurð eða glugga. Tómsundaherbergi er með 83 cm umferðabreidd og flóttaleið um hurð í enda. Eldhús er með staðlaðri innréttingu. Skrifstofa er lítil og þröng og ekki með hækkanlegum borðum. Stofa er fín og með rennihurð út í garð.

Baðherbergi og eða snyrtingar

Salerni eru þrjú talsins. Salerni 1 - er í anddyri og er fyrir starfsmenn, salerni 2 - er fyrir þjónustunotendur, þar eru armstoðir beggja vegna salernis og með góðu athafnarými. Salerni 3 - er fyrir þjónustunotendur, þar er einnig hæðarstillanlegur vaskur, baðkar með lyftu í lofti og upphækkuð þvottavél og þurrkari.

Tækifæri til umbóta

Húsið er í fínu ásigkomulagi og byggt með þarfir hreyfihamlaðra í huga. Þó mætti skoða rafdrifin borð fyrir starfsmenn á skrifstofu og setja rafdrifinn opnunarbúnað á útidyrhurð.

Auðlindin atvinnu og virkniúrræði

Aðkoma og bílastæði

Aðkoma að byggingu er skýrt afmörkuð, er í iðnaðarhverfi með bílastæði fyrir utan, þó ekki sérmerkt hreyfihömluðum. Umferðabreidd er 85 cm um aðaldyr og 9 cm þröskuldur inn. Ekki skyggni eða skjól við inngang.

Innihurðir og umferðaleiðir

Auðlindin er í húsnæði á tveimur hæðum og tröppur upp á 2. hæð. Ekki er flóttaleið frá efri hæðinni en það kom fram í úttekt að þau færu fljótlega í húsið við hliðina á þeim en þar er flóttaleið af efri hæð niður stiga.

Móttaka og upplýsingaborð – númerastandar

Engin sérstök móttaka.

Stigar

Stigi er ca. 90 cm breiður og frekar brattur. Handrið beggja vegna.

Baðherbergi og eða snyrtingar

Eitt salerni er á staðnum sem er ekki ætlað hreyfihömluðum.

Vinnusvæði

Ýmis verkefni eru unnin í sal sem er opinn, einnig fer hópurinn út úr húsi að vinna verkefni vítt og breitt um sveitarfélagið í bíl sem þau hafa aðgang að.

Tækifæri til umbóta

Húsnæðið hentar ekki hreyfihömluðum nema að hluta til. Engin leið er að komast á efri hæð og ekkert salerni. Ef starfsemin verður áfram í húsnæðinu mætti skoða að stækka salerni. Einnig er mikilvægt að hafa flóttaleið af efri hæð.

Strókur heimili fyrir fatlaða

Aðkoma og bílastæði

Eldra hús á tveimur hæðum. Bílastæði fyrir utan og gangstétt að útihurð.

Anddyri og inngangur

90 cm umferðabreidd inn um aðaldyr og 88 cm um forstofu.

Innihurðir og umferðaleiðir

Allar innihurðir á 1. hæð án þröskulda, umferðabreidd í stofu, eldhús, borðstofu og hvíldarherbergi með um 83-85 cm umferðabreidd sem er fínt. Gangur á báðum hæðum um 150 cm breiður.

Efri hæð er með minni umferðabreidd um 76 cm og 4,5 cm háum þröskuldum inn í rými.

Stigar

Gamall stigi sem er 95 cm breiður, handlistar öðru megin og og áherslumerkingar í tröppum.

Baðherbergi og eða snyrtingar

Salerni á 1. hæð er fyrir hreyfihamlaða einstaklinga. Hurð opnast út og er umferðabreidd 83 cm. Fritt athafnarými fyrir framan salerni er 150 cm x 150 cm. Armstoðir eru beggja vegna salernis en einungis 20 cm athafnarými hægra megin en 90 cm vinstra megin. En þar er borð sem minnkar athafnarýmið. Vaskur er mjög nálægt salerni og er opið undir hann. Neðri brún spegils er í 110 cm hæð, viðmið er 90 cm. Salerni á efri hæð er mjög lítið og ekki aðgengilegt.

Vinnusvæði

Skrifstofa er á efri hæð, með rafdrifnum borðum.

Tækifæri til umbóta

Fjarlægja mætti borð við salerni og lækka spegil.

Grænamörk íbúðir fyrir aldraða

Aðkoma, anddyri og bílastæði

Grænamörk 5: Aðkoma að byggingu er skýrt afmörkuð og aðkoma að inngöngudyrum er hindrunarlaus. Skyggni og skjól við inngöngudyr. Tvö bílastæði fyrir hreyfihamlaða, annað er 3,8 m x 5 m og hitt stærra 4,5 x 5 m. Snjóbræðsla er við innganga.

Grænamörk 1: Aðkoma að byggingu er skýrt afmörkuð og aðkoma að inngöngudyrum er hindrunarlaus. Skyggni og skjól við inngöngudyr. Rafstýrður opunarbúnaður á fyrri hurð en ekki í innri hurð sem er mjög þung.

Tvö sérmerkt bílastæði, en þau eru ekki staðsett næst innganginum.

Grænamörk 3: Aðkoma að byggingu er skýrt afmörkuð og aðkoma að inngöngudyrum er hindrunarlaus. Skyggni og skjól við inngöngudyr. Rafstýrður opunarbúnaður á fyrri og seinni hurð. Tvö sérmerkt stæði vinstra megin við inngang.

Göngustígar á milli bygginga eru mjög fínir með niðurtekt við göngubverun/gangbraut.

Innihurðir og umferðaleiðir

Grænamörk 5: sjálfvirkur opunarbúnaður á aðalumferðarleiðum, en ekki við aðrar hurðir eða íbúðir. Flóttaleiðir um aðalinngang, úr sal og bakdyrahurð. Af 2. og 3. hæð eru flóttaleiðir um stiga. Þungar hurðir við brunaútganga.

Starfsmannaaðstaða er á 2. Hæð, en þar eru þrjú rými með lítilli birtu. Góð umferðabreidd við innganga og rafknúin borð. Þær upplýsingar fengust að starfsmenn væru að færa sig yfir í stærri og betri rými.

Fínn salur við hlið aðalinngangs sem hefur verið notaður í hádegismat og kaffi fyrir íbúa og aðra. Félag eldri borgara hefur aðgang að eldhúsinu til að búa til kaffi og fl. Gömul eldhúsinnrétting.

Annar salur er í nýbyggingu, þar eru tvær pallalyftur og vantar vörn undir þær báðar. Svalir eru út af salnum og öðru megin er 98 cm umferðabreidd um svalahurð og hár þröskuldur sem er 6,5 cm innan frá og 8 cm utan frá, en viðmið er 2,5 cm.

Gangar allstaðar fínir og snyrtilegir og handrið á veggjum.

Grænamörk 1:

Flóttaleiðir út um aðalinngang, bakdyrahurð og út um hverja íbúð. Þröskuldar úr íbúðum eru frekar háir eða um 7 cm, viðmið er 2,5 cm.

Grænamörk 3:

Flóttaleiðir út um aðalinngang, bakdyrahurð og út um hverja íbúð. Þröskuldar úr íbúðum eru frekar háir eða um 7 cm, viðmið er 2,5 cm.

Stigar

Í Grænumörk 5 er stigabreidd er 117 cm við aðalinngang, afmörkun stiga er greinileg, handrið öðru megin.

Lyftur

Ein lyfta er fyrir allt húsið Grænumörk 5 og er hurðaropið með 88 cm umferðabreidd. Gólfplötur er 106 cm x 207 cm. Einnig eru tvær pallalyftur í sal í nýbyggingu, frá eldri byggingu inn í salinn og við inngang í nýju byggingunni.

Baðherbergi og eða snyrtingar

Grænamörk 5: Eitt salerni fyrir hreyfihamlaða á jarðhæð í alrými. Umferðabreidd er 87 cm, armstoðir beggja vegna salernis með 90 cm athafnarými hvoru megin. Athafnarými fyrir framan salerni er 120 cm x 180 cm. Neðri brún spegils er í 100 cm hæð en viðmið er 90 cm.

Merkingar

Ágætis merkingar á svæðinu, m.a. tafla í inngangi í Grænumörk 5.

Önnur rými

Fótaaðgerðarfræðingur og hárgreiðslustofa eru á jarðhæð í Grænumörk 5 og eru þetta mjög lítil og óaðgengileg rými.

Skoðuð var tóm íbúð, en þar var umferðabreidd hurða fín, salerni var þröngt og skúffur undir vaski sem gerir hjólastólanotendum erfitt fyrir.

Tækifæri til umbóta

Grænamörk 5: Skoða þarf hurðir við brunaútganga sem eru mjög þungar. Laga hurð við Árblik sem opnast út á ganginn. Setja þarf vörn undir pallalyftur í sal í nýbyggingu. Íbúðir þurfa að henta hreyfihömluðum og gott væri að fjarlægja skúffur undir vöskum og setja upp armstoðir beggja vegna salernis þar sem það á við.

Grænamörk 1: Rafstýrður opnunarbúnaður á fyrri hurð en ekki í innri hurð sem er mjög þung og mætti bæta við rafstýrðum opnunarbúnaði þar.

Tvö sérmerkt bílastæði eru ekki staðsett næst innganginum og mætti færa þau nær. Þröskuldar úr íbúðum eru háir og þyrfti að setja upp rampa.

Grænamörk 3: Þröskuldar úr íbúðum eru háir og þyrfti að setja upp rampa.

Leikhús

Aðkoma og bílastæði

Aðkoma að byggingunni er ekki hindrunarlaus, en það eru fimm tröppur upp að aðalinngangi.

Engin sérstök bílastæði fyrir leikhúsið og ekkert sérmerkt fyrir hreyfihamlaða.

Anddyri og inngangur

Umferðabreidd er 73 cm og 122 cm þegar báðar hurðir eru opnaðar.

Innihurðir og umferðaleiðir

Umferðabreidd inn í sal er 78 cm.

Stigar

Stigi niður í kjallara í smink og búningsherbergi er mjög brattur og mætti gjarnan setja upp handrið.

Snyrtingar

Tvö salerni eru í leikhúsinu, bæði eru þau mjög lítil og þröng og alls ekki ætluð hreyfihömluðum.

Önnur rými

Eldhús er gamalt, lítið og þröngt og þröngur gangur að því.

Tækifæri til umbóta

Þær upplýsingar fengust að það væri á planinu að laga anddyrið og bæta við salerni, en nauðsynlegt er að bæta aðgengi inn í húsið sem og flóttaleiðir úr húsinu og bæta við salerni fyrir hreyfihamlaða. Salurinn er ekki aðgengilegur fyrir utan fyrstu röðina og erfitt er fyrir hreyfihamlaða að komast upp á svið.

Fjölheimar

Aðkoma, anddyri og bílastæði

Aðkoma að byggingu er skýr og afmörkuð, rampur að inngöngudyrum og merkingar skýrar. Ekki skyggni eða skjól við dyr. Tvö sérmerkt bílastæði sem uppfylla stærðarviðmið, en mála þarf stæðin.

Innihurðir og umferðaleiðir

Á fyrstu hæð er m.a. kennslugangur og skrifstofugangur. Umferðabreidd hurða er fín og gangur breiður, um 180 cm. Á annarri hæð er kennslugangur, stofur og viðtalsherbergi með góðri umferðabreidd. Á þriðju hæð er nemendakaffistofa og gluggi út á þak. Flóttaleiðir eru í enda ganganna. Stigar fínir með handriðum beggja vegna.

Móttaka og upplýsingaborð – númerastandar

Móttaka er við inngang og vel merkt. Rafdrifið skrifborð og skrifborðsstóll.

Baðherbergi og eða snyrtingar

Eitt salerni fyrir hreyfihamlaða er á kennslugangi og annað á starfsmannagangi.

Kennslugangur: hurð opnast út og er umferðabreidd 88 cm. Bæta mætti handfangi á innanverða hurð þvert yfir hurðarblað til að auðvelda hjólastólanotendum að loka hurðinni. Frítt athafnarými fyrir framan salernisskál er 150 cm x 150 cm skv. reglugerð og armstoðir beggja vegna salernis. Athafnarými vinstra megin er 92 cm og 140 cm hægra megin sem er mjög gott (Viðmið er 90 cm / 90 cm). Neðri brún spegils er í 93 cm hæð sem er rétt yfir viðmiðum. Mætti setja upp snaga í tveimur hæðum á salernisvegg.

Starfsmannagangur: hurð opnast út og er umferðabreidd 86 cm. Bæta mætti handfangi á innanverða hurð þvert yfir hurðarblað til að auðvelda hjólastólanotendum að loka hurðinni. Frítt athafnarými fyrir framan salernisskál er 150 cm x 220 cm, sem er umfram viðmið og armstoðir beggja vegna salernis skv. viðmiðum. Neðri brún spegils í 100 cm hæð (viðmið er 90 cm) og engir snagar. Vantar merkingu á hurð.

Lyftur

Ein lyfta er í húsinu sem fer á allar hæðir fyrir utan geymsluloft. Lyfta er með 120 cm umferðabreidd og innanmál lyftu er skv sstaðli, 130 cm x 224 cm (110 cm x 210 cm).

Vinnusvæði

Fín rými á öllum hæðum með rafdrifnum borðum, gott pláss og gluggar.

Merkingar

Merkingar að utan eru fínar, en bæta mætti merkingar innandyra. Bæði ganga, herbergi og salerni. Salerni fyrir hreyfihamlaða er t.d. ekki merkt.

Tækifæri til umbóta

Bæta mætti merkingar innandyra. Bæði á göngum, herbergjum og á salerni. Salerni fyrir hreyfihamlaða er t.d. ekki merkt, lækka spegla og bæta við snögum. Mála bílastæði fyrir hreyfihamlaða. Mikið af allskonar dóti á gólfi í þvottahúsi sem mætti koma betur fyrir.

Gimli Stokkseyri vinnustofa

Aðkoma og bílastæði

Gamalt hús á tveimur hæðum og Gimli er staðsett á 2.hæð. Tröppur upp, bílastæði fyrir utan en ekkert sérmerkt fyrir fatlaða.

Anddyri og inngangur

Umferðabreidd 79 cm og 19 cm þröskuldur.

Innihurðir og umferðaleiðir

108 cm breið hurð inn í sal, eldhúsaðstaða og innra eldhús sem er þröngt.

Stigar

Stigi niður á milli hæða er þröngur og handrið öðru megin. Að flóttaleið frá neðri hæð eru 4 tröppur upp sem eru um 20 cm hver.

Baðherbergi og eða snyrtingar

Salerni eru á jarðhæð og eru ekki aðgengileg.

Tækifæri til umbóta

Vinnustofan er mögulega aðgengileg hreyfihömluðum sem geta sjálfir gengið upp og niður stiga en er ekki aðgengileg hjólastólanotendum. Mætti merkja bílastæði fyrir fatlaða við húsið.

Frístund Bifröst – Vallaskóla (Stekkjaskóli)

Aðkoma og bílastæði

Aðkoma er frá bílastæði, hár gangstéttarkantur og engin niðurtekt svo fólk komist auðveldlega upp á og niður af gangstétt. Ekkert bílastæði fyrir hreyfihamlaða.

Anddyri og inngangur

Umferðabreidd hurðar er 85 cm og 6 cm hár þröskuldur.

Innihurðir og umferðaleiðir

Bifröst er á tveimur hæðum, engin lyfta en stigi sem er 148 cm breiður og með handrið öðru megin.

Stórt miðrými, kaffistofa, tónlistarherbergi og Flækjukot. Allt með eðlilegri umferðabreidd. Út frá gangi eru skrifstofur og salerni. Útgangur á pall er í lagi.

Tækifæri til umbóta

Bæta þarf aðkomu að Bifröst frá bílastæði og laga þröskuld við anddyri. Þar sem ekki er lyfta í húsinu hentar það ekki öllum börnum og /eða fullorðnum og verður starfsemin að laga sig að því ef hreyfihamlað barn kemur þangað.

Frístund Kotið – Glaðheimar

Aðkoma, anddyri og bílastæði

Aðkoma að byggingu er greiðfær og skýrt afmörkuð. Aðkoma að inngöngudyrum sömuleiðis. Hurð er ekki með rafdrifnum opnunarbúnaði og er umferðabreidd 96 cm. Ekki sérmerkt bílastæði fyrir hreyfihamlaða.

Kotið deilir húsinu með skátunum.

Innihurðir og umferðaleiðir

Flóttaleið er út frá Aðalkoti, þar er þröskuldur sem væri hægt að laga.

Tölvuherbergi, spilaherbergi og skátaherbergi eru öll með góðri umferðabreidd, en sjónvarpsherbergi og eldhús eru með 71-75 cm umferðabreidd. Þröskuldur sem er inn í sjónvarpsherbergi mætti fjarlægja. Viðmið umferðabreiddar á hurðum er 80 cm fyrir hjólastólanotendur.

Pallur úti er mjög fínn og rampar út frá húsinu og niður af pallinum sömuleiðis.

Eldhús er lítið með staðlaðri 90 cm hárrí innréttingu. Skrifstofa er með venjulegu skrifborði.

Baðherbergi og eða snyrtingar

Eitt salerni er fyrir börnin, umferðabreidd er 85 cm og er laus lyftari og skiptistöð til staðar. Ekki eru armstöðir á salerni og þröngt inni í rýminu. Neðri brún spegils mætti vera örlítið lægri en viðmið er 90 cm.

Salerni fyrir starfsmenn er inn af eldhúsi og ekki aðgengilegt.

Tækifæri til umbóta

Merkja bílastæði fyrir hreyfihamlaða, athuga hvort hægt sé að breikka hurð inn í sjónvarpsherbergi og taka þröskuld. Setja upp lítinn þröskuldaramp innan frá, við útgang að palli.

Félagsmiðstöð Pakkhúsið, Kópurinn, Selurinn, Félagsmiðstöð Ungmennahús

Kópurinn er í vestur enda neðri hæðar og er fyrir 16-20 ára fatlaða einstaklinga. Selurinn er frístundaklúbbur fyrir 16 ára og eldri með mismunandi skerðingar. Félagsmiðstöðin sem er í restinni af jarðhæðinni er fyrir 8.-10. bekk. Pakkhúsið er á efri hæðinni og er fyrir öll ungmenni 16 -25 ára.

Aðkoma, anddyri og bílastæði

Aðkoma að byggingu er skýrt afmörkuð, en aðkoma fyrir hreyfihamlaða er ekki greiðfær að efri hæð. Tröppur eru upp á efri hæðina og engin lyfta. Umferðabreidd hurðar er 85 cm.

Inngangur á jarðhæð er fínn með rafdrifnum hurðum.

Innihurðir og umferðaleiðir

Fínar hurðir og gangar um allt svæðið. Lítið pláss fyrir hjólastóla inni í bíóherbergi. Til að komast að hljómsveitarherberginu er þröngur gangur og gæti hjólastólanotandi því þurft að fara út um aðaldyr og inn um annan inngang. 12 cm þröskuldur er inn í hljómsveitarherbergið og annar 7 cm þröskuldur inn í upptökurými.

Flóttaleiðir á neðri hæð eru úr eldhúsi, úr miðjurými og úr hljómsveitarherbergi. Flóttaleið af efri hæð eru tvær, aðalinngangur og önnur hurð sem er 70 cm breið og tröppur þaðan út ásamt háum þröskuldi.

Stigar

Stigi er á milli hæða og geta fötluð ungmenni ekki svo auðveldlega farið á milli hæða.

Baðherbergi og eða snyrtingar

Eitt aðgengilegt salerni er fyrir hreyfihamlaða og er á jarðhæð. Hurð opnast inn. Gott athafnarými fyrir framan salerni og armstoðir beggja vegna. Athafnarými er 53 cm hægra megin við salerni og rúmlega 90 cm vinstra megin, viðmið er 90 cm / 90 cm. Vaskur er í 86 cm hæð og opið undir hann, en neðri hæð spegils er í 117 cm hæð, viðmiðið er 90 cm. Skiptibekkur og lyftari eru inni á salerni.

Vinnusvæði

Á skrifstofu er rafdrifið borð.

Önnur rými

Eldhús og billiard herbergi þar sem oft er bakað, er með staðlaðri eldhúsinnréttingu.

Tækifæri til umbóta

Lyftu vantar fyrir ungmenni og mögulega starfsmenn til að geta tekið þátt í starfseminni í Pakkhúsinu á 2.hæð. Merkja þarf bílastæði fyrir hreyfihamlaða fyrir aftan hús. Hár þröskuldur er í hljómsveitarherbergi og mætti setja upp lítinn ramp. Salerni á efri hæð er ekki aðgengilegt hreyfihömluðum.

Grunnskólinn Vallaskóli

Aðkoma, anddyri og bílastæði

Aðkoma að byggingu er skýrt afmörkuð, greiðfær og greinileg. Inngöngudyr með rafdrifnum opunarbúnaði. Vestur inngangur er með rafknúinn opunarbúnað.

Eitt sérmerkt bílastæði er fyrir hreyfihamlaða fyrir framan skólann og er það 3,5 m x 5 m (viðmið er 3,8m x 5m). Annað sérmerkt stæði er íþróttahús megin. Það bílastæði er merkt á húsvegg en ekki málað sérstaklega á götu. Ekki er snjóbræðslukerfi í gangstétt að inngangi.

Innihurðir og umferðaleiðir

Valhöll: Inngangar í stærri byggingu eru góðir, engir þröskuldar. Lyfta á milli hæða.

Útistofur 1-5: þar er allt á einni hæð og engir þröskuldar og fín umferðabreidd hurða. Sólvellir og matreiðsla, allt skv. viðmiðum. Vesturgangur, austurrými og miðrými, allt skv. viðmiðum. Eldhús með staðlaðri 90 cm innréttingu. Í stjórnunarálmum eru skrifstofur með rafdrifnum skrifborðum, fínn gangur og umferðabreidd sömuleiðis.

Stigar

Stigabreidd er 150 cm, handrið og áherslumerkingar.

Skábrautir

Skábrautir/ rampar eru við flóttaleiðir frá útistofum.

Lyftur

Ein pallalyfta er í Valhöll á milli hæða.

Baðherbergi og eða snyrtingar

Í Valhöll er eitt salerni á 1.hæð, það er verið að taka það í gegn og verður passað að allt sé skv. reglum.

Í austurrými er eitt salerni fyrir hreyfihamlaða, þar vantar upp á athafnarými öðru megin við salerni, en viðmið er 90 cm / 90 cm.

Útistofur 1, 2 og 3: þar eru þrjú salerni fyrir hreyfihamlaða sem eru fín með armstöðum, aðeins minna athafnarými öðru megin við salernin.

Útistofur 4 og 5: tvö venjuleg salerni.

Vinnusvæði

Kennarar vinna mikið inni í kennslustofum og þar eru föst borð. Mætti skoða að setja þar inn rafdrifin borð.

Tækifæri til umbóta

Húsið lítur vel út og flest atriði skv. viðmiðum. Skoða mætti að setja rafdrifin borð inn í kennslustofur og merkja betur bílastæði fyrir hreyfihamlaða íþróttahús megin. Ekkert salerni fyrir hreyfihamlaða er fyrir starfsmenn en þó er salerni niðri við íþróttasal sem mætti nýta sem slíkt. Skoða mætti einnig að setja rafmagnsopnara á útihurðir í útistofum.

Grunnskólinn Sunnulækjaskóli & Frístund Hólar

Frístund er á svæðunum Klöpp efri og neðri og Felli, nýrri álmum og verður lýst samhliða skólanum.

Aðkoma, anddyri og bílastæði

Aðkoma að byggingu er skýrt afmörkuð og greinileg og aðkoma að inngöngudyrum hindrunarlaus. Tvö sérmerkt bílastæði eru fyrir framan skólann og eru 3,5 m x 5,6 m og 3,9 m x 5,6 m. Inngangur við Hóla / starfsmannainngang er með hurð sem er með 86 cm umferðabreidd og er frekar þung. Einnig er þar 10 cm þröskuldur en viðmið er 2,5 cm.

Fjallasalur, útgangur til suðurs og norðurs eru með hurðum með rafdrifnum opnunarbúnaði.

Innihurðir, umferðaleiðir og vinnuaðstaða

Klöpp efri hæð og Klöpp neðri: allt vinnusvæði skv. staðli. Ein eining af fjórum í Klöpp er matsalur/mötuneyti fyrir yngri nemendur.

Bjarg uppi, allt skv. staðli og flóttaleið út og niður stiga. Bjarg niðri, 4 einingar og allt vinnurými skv. staðli og við flóttaleið er 6 cm þröskuldur utan frá.

Múli uppi, Múli niðri og Fell: 6 einingar á öllum stöðum, allt vinnusvæði skv. staðli.

Eldhús er með staðlaðri innréttingu, aðalinngangur er með 80 cm umferðabreidd og hægt að opna aðra hurð sömu stærðar. Flóttaleið er fín og með rampi m.a. fyrir vörur. Matsalur mjög fín og gott að komast um.

Heimilisfræði, textíl og smíðastofa eru með hurðum með góðri umferðabreidd. Í textílstofu og smíðastofu (á 1.hæð) eru flóttaleiðir og háir þröskuldar út eða um 15 cm utan frá. Þröskuldur út frá heimilisfræði er um 13 cm utan frá. Smíðastofa er með hækkalegum hefilbekkjum.

Kaffistofa kennara, vinnuherbergi stoðþjónustu: allt skv. staðli.

Setrið sérdeild: ágæt aðstaða en mættu vera betri borð fyrir starfsmenn. Starfsmenn nota mikið taekwondo sal í sinni starfsemi fyrir hreyfiþjálfun og annað, en hann er á 2.hæð og þurfa þau að bera börnin upp þar sem ekki er lyfta.

Raungreinastofa er með borð í 90 cm hæð, bókasafn er með fast borð og í tölvustofu eru nokkur lítil venjuleg skrifborð.

Stigar

Stigar skv. stöðlum, eru nægjanleg breiðir, með handriði. Stigi í austurenda er einnig með áherslumerkingum.

Lyftur

Lyfta í austurenda er stærri og er með gólflöt sem er 114 cm x 216 cm. Lyfta í sal er minni með gólflöt sem er 133 cm x 140 cm. Báðar með 90 cm umferðabreidd.

Baðherbergi og eða snyrtingar

Það eru salerni fyrir hreyfihamlaða í flestum einingum, þau eru all flest skv. staðli, hurð opnast út, armstoðir beggja vegna salernis, gott athafnarými fyrir framan salerni en athafnarými sitt hvoru megin við salerni er mis gott. Oft vantar upp á að rými öðru megin sé nægjanlegt, en viðmið er 90 cm / 90 cm. Neðri brún spegla er oft of há en viðmiðið er 90 cm.

Vinnusvæði

Á 2. Hæð eru skrifstofurými og afgreiðsla/móttaka, skrifstofur deildarstjóra og skólastjórnenda öll með umferðabreidd skv. viðmiði. Einungis eitt upphækkalegt borð í móttöku og mætti fjölga þeim. Misjafnt hvort það séu rafdrifin borð inni á skrifstofum.

Tækifæri til umbóta

Skólinn er einstaklega fallegur og flest allt skv. staðli. Gott væri þó að setja litla rampa við flóttaleiðir á jarðhæð þar sem þröskuldur eru langt yfir viðmiði. Finna þarf lausn á hreyfifærniþjálfun fyrir Setrið þar sem starfsmenn geta ekki verið að bera börnin upp á 2.hæð. Einnig mætti skoða að setja rafmagnsopnara á starfsmannainngang en þar er hurðin þung. Borð í skólastofum eru öll stöðluð og mættu vera til borð fyrir nemendur sem er hægt að hækka og lækka.

Grunnskólinn BES, Stokkseyri og Eyrarbakki. Frístund Stjörnusteinn.

Stokkseyri:

Aðkoma, anddyri og bílastæði

Aðkoma að byggingu er skýrt afmörkuð, greinileg og greiðfær. Aðkoma að inngöngudyrum er hindrunarlaus og merkingar skýrar. Rafstýrður opunarbúnaður er á inngönguhurð, skyggni og skjól við dyrnar. Anddyri er fínt, rafdrifnar hurðir sem opnast í miðju og er umferðabreidd 108 cm og seinni hurð inn á gang er 106 cm og hægt að opna aðra jafn breiða. Ekki er sæti í anddyri en sófi er til hægri um leið og komið er inn á gang.

Sérmerkt bílastæði er fyrir hreyfihamlaða, stæðið er einungis merkt með skilti og mætti einnig mála línur. Bílastæðið er í sömu hæð og gangstétt. Verið er að laga stóra bílastæðið og vonandi bætist eitt sérmerkt stæði við til viðbótar.

Innihurðir, umferðaleiðir og vinnusvæði

Móttaka, húsvörður, kaffistofa, matsalur og eldhús, myndmennt og textíl, skólastofur, stoðþjónusta og bókasafn, öll líta þessi rými vel út, umferðabreidd er góð og fínt pláss á göngum. Skólastofur á efri hæð eru nokkrar með tvöföldum hurðum, 73 cm og svo 147 cm umferðabreidd þegar báðar eru opnaðar. Kennaraborð eru flest föst, en sum rafdrifin eins og t.d. í sérkennslurými.

Staðlaðar innréttingar í eldhúsi, ágætt pláss og góð flóttaleið, enginn þröskuldur. Flóttaleið úr sal er einnig fín og enginn þröskuldur þar.

Úr kaffistofu er 6 cm þröskuldur utan frá við flóttaleið. Á 2.hæð í enda gangs er flóttaleið niður stiga og bókasafnsmegin er flóttaleið út um glugga og þaðan í útdraganlegan stiga.

Stigar

Breidd stiga er frá 150 cm – 300 cm. Teppi í stiga og handrið beggja vegna.

Lyftur

Lyfta fer upp á efri hæð þar sem bókasafnið er. Innanmál lyftu er 114 cm x 150 cm.

Baðherbergi og eða snyrtingar

Salerni fyrir hreyfihamlaða eru tvö, annað á 1.hæð og hitt á 2.hæð.

1.hæð: útopnanleg hurð og fín umferðabreidd. Armstoðir beggja vegna salernis og athafnarými er 95 cm hægra megin og 70 cm vinstra megin. Viðmið er 90 cm / 90 cm. Neðri brún spegils er aðeins

of há eða 99 cm í stað 90 cm. Opið er undir vask sem auðveldar aðgengi. Athafnarými fyrir framan salernisskál er 130 cm x 200 cm, en viðmið er lágmark 150 cm x 150 cm.

2.hæð: 87 cm umferðabreidd, armstoðir beggja vegna og athafnarými er 78 cm hægra megin og 82 cm vinstra megin. Salernispappír langt frá, mætti vera á armstoð. Athafnarými fyrir framan salerni er 130 cm x 150 cm. Neðri brún spegils er í 99 cm hæð. Snagi er í fínni hæð.

Einnig er salerni inni af kaffistofu sem er hægt að nýta sem aðgengilegt salerni fyrir starfsfólk: Rennihurð, armstoðir beggja vegna. Athafnarými sitt hvoru megin er 60 cm og 86 cm en viðmið er 90 cm / 90 cm. Athafnarými fyrir framan salerni er 140 cm x 150 cm sem er rétt undir viðmiðum. Neðri brún spegils í 103 cm hæð og snagi í 164 cm hæð.

Gamli skólinn:

Fristund Stjörnusteinn, heimilisfræði, tónmennt, kór og leiklist.

Umferðabreidd hurða frá 82-85 cm sem er skv. viðmiðum. Stigalyfta fyrir hjólastóla upp á aðra hæð. Stigi upp er 120 cm breiður og handrið öðru megin. Ekki er salerni fyrir hreyfihamlaða í Gamla skólanum.

Flóttaleið af efri hæð er um hurð og niður stiga, en það er 11 cm þröskuldur innan frá og 53 cm utan frá við hurðarop.

Smíðahús:

Við Eyrarbraut er smíðastofa á einni hæð, hurð er með 86 cm umferðabreidd, hægt að opna aðra hurð og stækka opið. 13 cm þröskuldur inn. Flóttaleið er úr sal en þar er einnig hár þröskuldur. Smíðabekki er hægt að hækka og lækka sem er mjög gott.

Tækifæri til umbóta

Mála mætti stæðið fyrir hreyfihamlaða og fjölga stæðum. Hafa eitt sem er 3,8 m x 5 m x og annað sem er stærra, 4,5 m x 5 m.

Lækka spegla á snyrtingu og setja upp snaga á 1.hæð í mismunandi hæðum.

Setja rampa við þröskulda sem eru yfir viðmiðum.

Eyrbakki: Eldra hús er frá 1913 og nýjasti hlutinn er frá 1981.

Aðkoma, anddyri og bílastæði

Aðkoma að byggingu er skýrt afmörkuð, greinileg og greiðfær og merkingar skýrar. Rafstýrður opunarbúnaður er á hurðum. Eitt sérmerkt bílastæði fyrir hreyfihamlaða sem er 3,8 m x 5,4 m.

Innihurðir og umferðaleiðir

Breiðir og fínir gangar í stærra húsinu. Matsalur rúmgóður með 90 cm umferðabreidd á hurð.

Kennslustofa nr. 6 er með 87 cm umferðabreidd og kennslustofa nr. 7 er með 74 cm umferðabreidd. 4 cm þröskuldar eru inn í kennslustofurnar. Flóttaleið út stofu 7 er með háum þröskuldi utan frá eða 17 cm. Hér mætti setja ramp.

Útihús 1-5 eru öll með tröppum og þröskuldum. Umferðabreidd hurða er góð.

Baðherbergi og eða snyrtingar

Eitt salerni er fyrir starfsmenn, tvö salerni á gangi fyrir nemendur og eitt í hverri útistofu, en ekkert er ætlað fyrir hreyfihamlaða.

Vinnusvæði

Móttakan er lítið rými með rafdrifnu skrifborði, kennaragangur og vinnuaðstaða þar við hlið.

Tækifæri til umbóta:

Í dag eru kennarar hver í sinni stofu og nemendur fara á milli húsa. Nemendur sækja verklegar greinar í grunnskólann á Stokkseyri og fara á milli í skólabíl.

Ekkert barn með hreyfihömlun er í skólanum í dag, en ef það breytist mun skipulag þurfa að breytast þar sem útihúsin er óaðgengileg. Kennarar gætu þá mögulega farið á milli svo að barn með hreyfihömlun gæti verið sem mest í eldra húsinu.

Leikskólinn Goðheimar

Aðkoma, inngangar og bílastæði

Aðkoma er skýrt afmörkuð og greiðfær. Inngangar eru þrír, suðvestur inngangur, austur inngangur sem verður tekinn í notkun í janúar 2022 og starfsmannainngangur. Sérmerkt bílastæði fyrir hreyfihamlaða eru þrjú, öll við foreldrainnganga og eru 4,2 m x 5 m. Tvö stæði við eldri deild og á eftir að merkja annað þeirra, eitt stæði er við yngri deild.

Sól, Tungl og Stjarna: Útidyrhurð er rafdrifin og umferðabreidd er 82 cm. Innri hurð er með 90 cm umferðabreidd og einnig rafdrifin.

Innihurðir, umferðaleiðir og vinnuaðstaða

Gangar eru breiðir og fínir, skrifstofur með rafknúnum skrifborðum og góðum skrifborðsstólum. Kaffistofa, eldhús og þvottahús allt skv. staðli og umferðabreidd hurða góð. Rafdrifin borð eru í eldhúsi sem er algjörlega til fyrirmyndar.

Sex deildir eru á leikskólanum en þrjár í notkun í dag. Deildirnar eru allar eins með miðjurými og þremur herbergjum út frá því. Fatahengi góð. Flóttaleið er út frá miðjurýmum. Salerni eru fín en einungis er salerni fyrir hreyfihömluð börn yngri deildar megin, þar eru mest skipt á börnum á skiptiborðum sem eru öll rafdrifin. Hefði því mátt vera salerni fyrir hreyfihömluð börn eldri deildar megin einnig. Hillur eru fyrir ofan skiptiborð sem gerir vinnuaðstöðu erfiða fyrir starfsfólk.

Önnur rými

Útileiksvæði er til fyrirmyndar.

Tækifæri til umbóta

Salerni fyrir hreyfihamlaða eldri deildar megin ef því verður komið við, einnig mætti skoða staðsetningu á hillum fyrir ofan skiptiborð.

Leikskólinn Jötunheimar

Aðkoma, anddyri og bílastæði

Aðkoma að byggingu er skýrt afmörkuð, greinileg og greiðfær. Skjól og skyggni yfir dyrum. Inngangar eru þrír, einn fyrir eldri deild, einn fyrir yngri deild og starfsmannainngangur. Engar rafdrifnar hurðir og sumar með frekar þunga pumpu og handföng hátt uppi.

Bílastæði fyrir hreyfihamlaða eru tvö, á sitt hvorum enda byggingarinnar við yngri og eldri deildir. Stæðin eru máluð og einnig er merking á vegg.

Innihurðir og umferðaleiðir

Gangar eru fínir og breiðir og umferðabreidd allra hurða skv. viðmiði. Fataklefar fínir. Fjórar deildir snúa í suður og eru allar eins með miðju rými og tveimur herbergjum ásamt salerni. Hurð og flóttaleið út í garð frá öðru rýminu ásamt miðjurýminu. Umferðabreidd fín, 93 cm en 10 cm þröskuldur utan frá.

Tvær deildir snúa í norður og eru eins útbúnar og hinar deildirnar, nema með hurð og flóttaleið út á pall. Umferðarbreidd góð en 10 cm hár þröskuldur.

Baðherbergi og eða snyrtingar

Þrjú salerni hreyfihamlaðra eru á leikskólanum.

Við eldri deild er eitt salerni, með einni armstoð í stað tveggja. Tveir vaskar í mismunandi hæð og er hærri vaskurinn í 84 cm hæð og neðri brún spegils í 100 cm hæð. Viðmið er 90 cm. Athafnarými á gólfi er 110 cm x 146 cm en viðmið er amk. 150cm x 150 cm. Athafnarými sitthvoru megin við salerni er undir viðmiðum, 65 cm hægra megin og 46 cm vinstra megin. Viðmið er 90 cm/ 90 cm.

Salerni við yngri deild er með tveimur armstoðum og er athafnarými 50 cm hægra megin og 90 cm vinstra megin. Neðri brún spegils er of há eða í 98 cm hæð.

Salerni á gangi í miðjum leikskólanum er með tveimur armstoðum og athafnarými 112 cm hægra megin og 37 cm vinstra megin við salernið. Neðri brún spegils er í 113 cm hæð.

Vinnusvæði

Eldhús með staðlaðri 90 cm innréttingu og ekki rafstýrð borð.

Kaffistofa, fataherbergi kennara, ræstikompur, listasmiðjur, salur og þvottahús öll með umferðabreidd skv. viðmiði. Þvottahús með upphækkuðum þvottavélum.

Skrifstofur skólastjóra, aðstoðarskólastjóra, undirbúningsherbergi og sérkennsluherbergi/ skrifstofa eru öll með umferðabreidd skv. viðmiði. Rafdrifin borð í skrifstofum, undirbúningsherbergi er með föst tölvuborð og fundarborð og eitt rafstýrt skrifborð. Í sérkennslurými er rafdrifið fundar/vinnuborð.

Inni á yngri deildum og einni eldri deildinni eru rafstýrð skiptiborð og einnig kom fram að hægt er að fá lánað hjá sveitarfélaginu laust rafdrifið skipiborð á hjólum ef þess gerist þörf.

Tækifæri til umbóta

Flest rými eru til fyrirmyndar en salerni fyrir hreyfihamlaða eru ekki alveg skv. viðmiðum og reglugerð. Erfitt getur verið að færa til salerni og vaska en hægt er að lækka spegla og bæta við snögum í mismunandi hæðum. Einnig mætti setja handföng á innanverðar hurðir til að einfalda hreyfihömluðum að loka hurðunum.

Leikskólinn Hulduheimar

Aðkoma, inngangar og bílastæði

Aðkoma að byggingu er skýrt afmörkuð og greiðfær. Tvö bílastæði fyrir hreyfihamlaða, annað við suður inngang og hitt við norður inngang, eru þau bæði 3,2 m x 4,2 m. Viðmið er 3,8 x 5 m.

Innihurðir, umferðaleiðir og vinnuaðstaða

Það eru sex deildir á Hulduheimum og allar í sama húsi. Þrjár fyrir eldri börn og þrjár fyrir yngri börn. Tveir inngangar eru fyrir foreldra og einn fyrir starfsfólk.

Umferðabreidd hurða sem eru tvær eru 85 cm og eru hurðarhúnar hátt uppi.

Yngri deildir:

Á Sjónarhól er skúffurekki/kommóða í miðjurýminu og er hún staðsett fyrir flóttaleið. Annað skv. viðmiði. Smálönd og Kattholt eru í lagi og skv. viðmiði.

Eldri deildir:

Hlynskógar, Sólbakki og Kirsuberjadalur. Á Hlynskógum er hækkalegt skiptiborð og venjuleg salerni. Skiptiborð í fastri stöðu á hinum tveimur deildunum. Fín fatahengi og umferðabreidd hurða góð.

Matsalur er stór og rúmgóður, hann er tvískiptur fyrir yngri og eldri. Það fara því öll börn þangað í mat, í stað þess að fá mat inn á deildirnar. Gott pláss í eldhúsi og búi og stöðluð hæð á innréttingum.

Skrifstofur eru ýmist með föstum eða upphækkanlegum borðum. Kaffistofa starfsmanna er fín og gott pláss fyrir starfsmenn. Þvottahús fínt með upphækkaðri þvottavél og þurrkara.

Fínt útileiksvæði fyrir börnin.

Baðherbergi og eða snyrtingar

Eitt salerni er fyrir hreyfihamlaða starfsmenn eða gesti, með rennihurð. Armstoðir eru beggja vegna en ekki er hægt að setja niður vinstri armstoð fyrr en búið er að loka hurð, þar sem salernisrúlluhaldari er á hurð. Athafnarými er fínt hægra megin við salerni en ekkert pláss er vinstra megin. Athafnarými fyrir framan salerni er fínt. Ekkert salerni er fyrir hreyfihömluð börn.

Á yngri deildum eru hefðbundin salerni með upphækkanlegu skiptiborði. Á eldri deildum eru hefðbundin salerni og upphækkanlega skiptiborð á einni deild.

Tækifæri til umbóta

Setja mætti rafdrifin skiptiborð upp á þær deildir sem vantar, ef þarf. Skoða þarf hvort hægt er að finna aðra lausn á háum hurðahúnum á inngöngum sem hreyfihamlaðir foreldrar og gestir eiga erfitt með að ná upp í.

Leikskólinn Árbær

Aðkoma, inngangar og bílastæði

Aðkoma að byggingu er skýr og greiðfær. Eitt stæði er fyrir hreyfihamlaða og er það 3,4 m x 6,8 m sem er skv. viðmiði. Snjóbræðsla er við aðalinngang. Hvergi eru rafmagnsopnarar á inngöngumhurðum. Inngangur við Kotatún og Fosskot eru báðir með tveimur hurðum með þungri pumpu. Umferðabreidd er 83 cm og hurðahúnar hátt uppi.

Leikskólinn skiptist í aðalbyggingu í austur væng og svo lausar stofur í vestur væng. Flóttaleiðir eru ýmist um hurðir eða glugga. Gangar eru fínir og umferðabreidd hurða sömuleiðis. Þröskuldar við flóttaleiðir í aðalbyggingu eru yfir viðmiðum og væri gott að setja upp litla rampa.

Innihurðir, umferðaleiðir og vinnuaðstaða

Umferðabreidd hurða er skv. viðmiðum. Í fundarherbergi og undirbúningsherbergi eru föst borð og vantar skrifborðsstóla inn í undirbúningsherbergið. Skrifstofur eru með hækkanlegum skrifborðum.

Baðherbergi og eða snyrtingar

Salerni fyrir fullorðna hreyfihamlaða er til staðar en ekkert fyrir hreyfihömluð börn. Salernið er með rennihurð, tveimur armstoðum og er athafnarými fyrir framan salerni og til hliðar skv. viðmiðum. Á Kotatúni, Stekjalæk og Fosskoti er salernið þröngt og aðstaða ekki góð. Sandvík er með betri aðstöðu og hækkanlegt skiptiborð.

Tækifæri til umbóta

Skoða þarf hvort hægt er að bæta aðstöðu inni á salernum á deildum. Bæta við upphækkanlegum skrifborðum og stólum þar sem þarf og skoða þarf hvort hægt er að finna aðra lausn í stað hurðahúna sem eru hátt uppi. Setja rampa við flóttaleiðir þar sem þröskuldar eru hærri en 2,5 cm.

Leikskólinn Brimver/Æskukot

Brimver

Aðkoma, inngangar og bílastæði

Aðkoma skýrt afmörkuð og greiðfær, merkingar góðar og snjóbræðslukerfi í gangstétt. Tvö sérmerkt bílastæði fyrir hreyfihamlaða, merking er á vegg en einnig þarf að merkja stæðin á götu.

Breytingar standa yfir á leikskólanum og tímabundinn inngangur er við Merkistein, en þar er umferðabreidd 90 cm og 4,5 cm þröskuldur inn. Við Kötlustein er umferðabreidd 90 cm inn í bíslag, fatahengi og gang. 4,5 cm þröskuldur. Breidd ganga er góð. Flóttaleiðir eru úr stærra rými inni á deilum.

Starfsmannainngangur er með umferðabreidd undir viðmiðum sem er 80 cm og 16 cm háum þröskuldi auk palls að hurð sem er um 15 cm.

Innihurðir, umferðaleiðir og vinnusvæði

Innihurðir á deildum, kaffistofu, sérkennsluherbergi og matsal eru skv. viðmiði. Kaffistofa er lítil og ekki mikið pláss fyrir starfsmenn. Fast langt vinnuborð með tölum í vinnuherbergi kennara. Þvottahús með vélum á gólfi og mætti hækka þær upp til að bæta vinnuaðstöðu. Eldús er með staðlaðri 90 cm innréttingu /vinnuborðum.

Baðherbergi og eða snyrtingar

Salerni fyrir starfsmenn sem breyta mætti í salerni fyrir hreyfihamlaða. Vaskur er í fínni hæð, neðri brún spegils er 104 cm (viðmið er 90 cm), gólfplötur 110 cm x 230 cm og athafnarými er 90 cm sitt hvoru megin við salerni sem er fínt.

Eftir breytingar verður auka salerni fyrir matræð og auka salerni fyrir börnin sem mætti breyta í aðgengilegt salerni. Skiptiborð eru ekki rafdrifin og mætti bæta úr því.

Tækifæri til umbóta

Merkja bílastæði á götu og gera ráð fyrir salerni fyrir hreyfihamlaða í breytingunum. Skoða mætti að hafa upphækkana borð á skrifstofum og undirbúningsherbergjum kennara. Einnig mætti skoða að fá einhverjar einingar sem er hægt að hækka og lækka í eldhúsi ásamt hækkanlegum skiptiborðum.

Æsukot

Aðkoma, inngangar og bílastæði

Aðkoma er greinileg og greiðfær og aðkoma að inngöngudyrum hindrunarlaus. Hlið inn á leikskólalóðina eru með fínni umferðabreidd en handföng eru í 173 cm hæð. Þessi hæð er vegna öryggis barnanna, en það þarf að skoða lausnir á þessum háu hurðahúnum þar sem það er mjög erfitt fyrir hjólastólanotendur að opna hurðir og hlið í þessari hæð. Snjóbræðsla er við húsið. Tvö sérmerkt bílastæði með merkjum á skiltum og má einnig fríska upp á málningu á stæðunum sjálfum. Annað bílastæðið við eldri deild er lengst frá inngangi og mætti færa það nær. Bílastæðið við yngri deild er við inngang. Bæði bílastæðin eru rétt undir við miðum sem er 3,8 m x 5 m.

Innihurðir, umferðaleiðir og vinnusvæði

Umferðabreidd hurða er góð um allt svæðið, engir þröskuldar eru innandyrá en allt frá 6-16 cm háir þröskuldar eru við innganga og flóttaleiðir sem mætti laga og setja upp litla rampa utandyra. Bæði eldri og yngri heimastofur eru með tveimur stofum og fatahengi fyrir framan og bíslag við innganga. Flóttaleiðir eru úr herbergjum inni á deildunum.

Vinnusvæði kennara eru með föstum borðum og fundarborði. Skrifstofa skólastjóra og aðstoðarskólastjóra eru með rafdrifnum borðum.

Þvottahús er með tveimur vélum, önnur ofan á hinni. Staðlaðar innréttingar og vinnuborð í eldhúsi.

Baðherbergi og eða snyrtingar

Venjuleg salerni eru fyrir börnin og rafdrifin skiptiborð eru á deildum. Salerni fyrir starfsmenn með fínu athafnasvæði fyrir framan salerni og pláss sitt hvoru megin við salerni, ef skápur er færður. Neðri brún spegils í 95 cm hæð en viðmið er 90 cm. Hægt er að gera þetta salerni aðgengilegt hreyfihömluðum.

Tækifæri til umbóta

Það mætti fríska upp á málningu á sérmerktum bílastæðum. Annað bílastæðið við eldri deild er lengst frá inngangi og mætti færa það nær. Þröskuldar eru háir og setja þarf upp þröskuldarampa. Skoða mætti að fá einhverjar einingar sem er hægt að hækka og lækka í eldhúsi sem og í vinnuherbergi kennara. Laga mætti salerni starfsmanna að viðmiðum um salerni fyrir hreyfihamlaða.

Leikskólinn Álfheimar

Aðkoma, inngangur og bílastæði

Aðkoma að byggingu er skýrt afmörkuð og greiðfær. Leikskólinn skiptist í sex deildir, þrjár í aðalbyggingu og þrjár í útihúsum. Eitt sérmerkt bílastæði er fyrir hreyfihamlaða og er það 4,1 m x 5,1 m og er skv. viðmiðum.

Starfsmannainngangur er fínur, enginn þröskuldur og umferðabreidd góð. Gangar breiðir og fínir.

Innihurðir, umferðaleiðir og vinnusvæði

Kaffistofa, skrifstofur, vinnuherbergi kennara, eldhús, þvottahús og fundarherbergi með góða umferðabreidd. Rafdrifin skrifborð á skrifstofum og tvö af sex borðum í vinnuherbergi eru rafdrifin. Eldhúsinnréttingar eru í staðlaðri hæð. Starfsmenn sækja matarvagna við eldhús og er sá gangur frekar þröngur þegar allir vagnar eru frammi.

Flóttaleið úr Álfasteini, Óskasteini og Dvergasteini eru með háum þröskuldi utan frá, 13 cm, 22 cm og 27 cm. Frá Óskasteini er útgangur út í garð og inngangur fyrir foreldra, hurðir eru með pumpum, enginn þröskuldur og fín umferðabreidd.

Völusteinnur er útihús 1 og þar er rafstýrður opnunarbúnaður á hurð. Þrjár tröppur eru út í garð. Innangangur inngangur er í nýjustu húsin frá Völusteini. Útgangur út í garð er með fína umferðabreidd og ramp.

Baðherbergi og eða snyrtingar

Öll salerni fyrir börn og starfsmenn eru venjuleg og ekkert þeirra sérstaklega ætlað hreyfihömluðum.

Tækifæri til umbóta

Flest rými fín, en flóttaleiðir úr aðalbyggingu eru með minni umferðabreidd en viðmið segja til um og með of háa þröskulda. Setja þarf upp rampa þar sem við á. Ekkert salerni er fyrir hreyfihamlaða. Það mættu einnig vera fleiri sérmerkt bílastæði við aðra innganga.

Samantekt

Margir þeirra staða sem undirrituð heimsótti voru mjög góðir og sumir til fyrirmyndar. Aðrar byggingar eru eldri og alls ekki aðgengilegar hreyfihömluðum.

Umferðabreidd hurða og umferðaleiðir – flest allar byggingar fyrir utan elstu húsin eru með góða umferðabreidd og rými þannig aðgengileg hjólastólanotendum. Viðmið er 80 cm.


Bæta mætti við rafstýrðum opnunarbúnaði á fjöldamörgum stöðum, sérstaklega á útidyrhurðir sem eru þungar.

Lyftur – ekki eru lyftur í öllum byggingum og hægt væri að bæta við stiga- eða pallalyftum á nokkrum stöðum bæði innan og utandyra.

Rampar/þröskuldar – rampar þurfa að vera minnst 90 cm breiðir og halli má mest vera 8,3 % þar sem umferðarleið er styttri er 3 m. Þó nokkrir rampar eru um alla Árborg og eru lang flestir í góðu ásigkomulagi og skv. viðmiðum. Þó var það á mörgum stöðum að þröskuldar voru langt yfir 2,5 cm viðmiðum og mætti þá setja upp sérstaka þröskuldarampa eða jafnvel minni rampa þar sem einnig eru flóttaleiðir.




Stigar – mikilvægt er að stigar séu nógu breiðir og að það sé áherslumerking í tröppum og að afmörkun stiga sé greinileg við upphaf og enda. Einnig má bæta við handriðum á mörgum stöðum þar sem einungis var handrið öðru megin.



Salerni - salerni fyrir hreyfihamlaða eru á mörgum stöðum ekki alveg skv. viðmiðum og reglugerð. Erfitt getur verið að færa til salerni og vaska svo viðmiðum um athafnarými fyrir framan salerni og til beggja hliða sé mætt, en það mætti skoða það, ásamt því að hægt er að lækka spegla sem eru í

flestum tilvikum of háir og bæta við snögum í mismunandi hæðum. Einnig mætti setja handföng á innanverðar hurðir (þær sem opnast út) til að einfalda hreyfihömluðum að loka hurðunum. Mikilvægt er að salerni fyrir hreyfihamlaða séu ekki læst, svo ekki komi til þess að fólk þurfi að leita uppi starfsmenn með lykil.



Þvottahús - þau voru að öllum stærðum og gerðum, en mikilvægt er að vinnuaðstaða starfsmanna sé sem best svo fólk þurfi ekki að beygja sig niður, yfir eða teygja sig of hátt.

Bílastæði – bílastæðin voru margvísleg. En það má á allt flestum stöðum bæta merkingar, hafa stæðin bæði máluð og merkt með skilti fyrir framan stæðið eða á vegg. Einnig passa að sérmerktu stæðin séu sem næst inngangi.

Móttökur – voru ekki margar en þar sem þær sem eru til staðar voru þær yfirleitt í einni hæð, það var þó undantekning á nokkrum stöðum eins og á bókasafninu á Selfossi og Sundhöllinni á Selfossi. Móttökur þurfa að vera í tveimur hæðum, 75-80 cm og 100-110 cm fyrir standandi og sitjandi notendur.



Skrifstofur, eldhús og önnur vinnusvæði - á vinnustöðum þar sem verið er að elda ofan í fjöldan allan af fólk er gott að geta verið með hæðarstillanlegar innréttingar og borð þar sem starfsmenn eru mis hávaxnir.

Sama má segja um skrifstofur þar sem er gott að hafa nokkur borð sem hægt að stilla hæðina á. Einnig eru ýmis rými eins og skólastofur, heimilisfræðistofur, smíðastofur og líffræðistofur oft með háum borðum og gott að hafa amk. eina einingu sem er hæðarstillanleg.



Útisvæði - skólar og leikskólar eru lang flestir hannaðir fyrir börn sem ekki eru með neinar sérþarfir og mætti skoða að setja upp leiktæki sérstaklega ætluð hreyfihömluðum börnum á þeim stöðum sem við á.



Hurðarhúnar á leikskólum - hlið inn á leikskólalóðum eru með fínri umferðabreidd en handföng eru mjög hátt uppi, allt að 175 cm hæð. Þessi hæð er vegna öryggis barna en skoða þarf lausnir á þessum háu hurðahúnum þar sem það er mjög erfitt fyrir hjólastólanotendur að opna hurðir og hlið í þessari hæð. Mögulegt væri að hafa aðgöngustýringu m.a. með snertilausum kortum.

Hér má sjá myndbönd um bílastæði og salerni sem voru gerð af aðgengishóp ÖBÍ:



<https://www.youtube.com/watch?v=6tle090hYt4&t=12s>



<https://www.youtube.com/watch?v=LksUy6NVNfQ>

Úttektaraðili

Ósk Sigurðardóttir
MBA, MPM, PGD, OT R/L

Heimildir

- Úttektarlykill byggður á Byggingarreglugerð 112/2012 með síðari breytingum og Leiðbeiningarblöð Húsnæðis-og mannvirkjastofnunar.
- Designing for disabled children and children with special educational needs:
https://assets.publishing.service.gov.uk/government/uploads/system/uploads/attachment_data/file/276698/Building_Bulletin_102_designing_for_disabled_children_and_children_with_SEN.pdf
- Algild hönnun utandyra, ÖBÍ 2017
[obi_adgengi_print.pdf](#)